

Fornleifaskráning á Hengilssvæðinu III:

Fornleifar á afrétti Ölfushrepps

Orri Vésteinsson

**Árbæjarsafn
Fornleifastofnun Íslands
FS064-97013**

Reykjavík 1998

Efnisyfirlit

1. Kafli. Inngangur.....	4
2. Kafli. Um fornleifaskráningu.....	5
Lögbundin skilgreining á fornleifum.....	7
3. Kafli. Menningarminjar á afrétti Ölfushrepps.....	8
- Minjar um nýtingu afréttar.....	9
- Samgönguminjar.....	10
- Þjóðtrúarstaðir og útilegumannaminjar.....	13
4. Kafli. Aðalskráning fornleifa 1998.....	14
5. Kafli. Niðurstöður: Kynning og varðveisla menningarminja.....	51
Heimildaskrá.....	54

Uppdrættir

Kort 1. Yfirlitskort af minjastöðum á skráningarsvæðinu.....	12
Kort 2. Yfirlitskort af helstu leiðum á skráningarsvæðinu.....	17
Kort 3. Minjastaðir á Helligsheiði.	

1. *Inngangur*

Snemma árs 1997 hófst vinna við fornleifaskráningu á jörðum Reykjavíkurborgar á Hengilssvæðinu. Gerð var áætlun um fornleifaskráningu í landi Nesjavalla, Ölfusvatns, Úlfljótsvatns, Kolviðarhóls auk afréttarlanda í Henglinum sem tilheyra Ölfushreppi. Þá var gerð svæðisskráning fyrir nyrðri hluta Grafningshrepps og afréttarland Ölfushrepps¹ og seinna um sumarið var svo gerð aðalskráning fornleifa í landi Nesjavalla og Ölfusvatns.² Sumarið 1998 hefur verið unnið við þriðja áfanga verkefnisins sem felst í aðalskráningu fornleifa á afrétti Ölfushrepps og er gerð grein fyrir afrasktri hennar í þessari skýrslu. Samhliða skráningu á afrétti Ölfushrepps hefur Grafningshreppur staðið fyrir aðalskráningu fornleifa á þeim jörðum í hreppnum sem ekki tilheyra stofnunum Reykjavíkur og verður því, þegar fornleifaskráningu í landi Úlfljótsvatns (áætlað sumarið 1999) er lokið, til heildstæð skrá um menningarminjar í öllum Grafningshreppi og á Hengilssvæðinu.

Það svæði sem gerð var aðalskráning á sumarið 1998 er í raun stærra en afréttur Ölfushrepps og nær til alls fjallendis í hreppnum og miðast við hreppamörk en síðan línu frá Fálkakletti í suðurhlið Geitafells, í hátind Krossfjalla, í Kerlingarberg og síðan með fjallsbrúninni í Háaleiti, í Núpahnjúk og með fjallsbrún Núpafjalls, þaðan um Kambabrún í Raufarberg í Ástaðafjalli, þaðan lína í tind efst í Rjúpnabrekkum, þaðan í Tinda og svo í Húsatorfuhnjúk, í suðurtind Sogna og þaðan bein lína í Inghól á Ingólfsfjalli. Svæðið austan Ástaðafjalls hefur ávalt verið talið til heimalanda, þ.e. Reykjatorfu, Sogns, Gljúfurs og Hvamms en misjafnt er hvað talið er að heimalönd eigi langt upp á Hellisheiði, en hér er miðað við landsvæði sem er hærra en 200 m yfir sjávarmáli og sem hefur fyrst og fremst verið nytjað til beitar í aldanna rás.

Efnisskipan í þessari skýrslu er með svipuðu móti og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.³ Hér er að finna yfirlit um löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar (2. kafli). Eru þessar samantektir jafnan birtar með fornleifaskrá

¹ Birna Gunnarsdóttir & Orri Vésteinsson, *Menningarminjar í Hengli og Grafningi norðan Úlfljótsvatns*, Árbæjarsafn & Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1997.

² Orri Vésteinsson: *Fornleifar í landi Nesjavalla og Ölfusvatns*, Árbæjarsafn & Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1997.

³ Sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I-*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994-.

Í því skyni að sveitarstjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningarinnar og haft til hliðsjónar við aðrar framkvæmdir, s.s. skipulagsmál, minjavernd og ferðaþjónustu. Þá er gerð grein fyrir helstu tegundum menningarminja á skráningarsvæðinu og fyrri athugunum á þeim (3. kafli) og birt skrá yfir fornleifastaði sem kannaðir voru 1998 (4. kafli). Í niðurstöðukafla eru dregin saman megineinkenni fornleifa á skráningarsvæðinu og setta fram tillögur um verndun og kynningu einstakra staða og fjallað um nauðsynlegar aðgerðir í þá átt.

Stofnanir Reykjavíkurborgar standa fyrir fornleifaskráningu á Hengilssvæðinu. Hitaveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Reykjavíkur greiddu kostnað við heimildakönnun á svæðinu öllu en Hitaveitan stendur ein að aðalskráningu fornleifa á afrétti Ölfushrepps en hún á land Kolviðarhóls sem er í afréttinum miðjum. Árbæjarsafn hefur umsjón með verkinu fyrir hönd Reykjavíkurborgar en framkvæmd þess er í höndum Fornleifastofnunar Íslands. Við skráninguna var beitt aðferðum sem þróaðar hafa verið af Fornleifastofnun Íslands. Aðalskráningin byggir á heimildakönnun sem unnin var af Birnu Gunnarsdóttur og seinna yfirfarin af Sæðísi Gunnarsdóttur sem hefur séð um aðalskráningu fornleifa Grafningamegin í Henglinum sumarið 1998. Vettvangsathuganir voru gerðar af Orra Vésteinssyni. Höfundur vill færa samstarfsfólki sínu og heimildamönnum bestu þakkir og einnig Eggerti Lárussyni hjá Hitaveitu Reykjavíkur og Margréti Hallgrímsdóttur borgarminjaverði.

2. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum

upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í Þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé ‘að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...’ Samkvæmt lögnum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförunum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og

gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Lögbundin skilgreining á fornleifum

Í næsta kafla er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki aðalskráningu fornleifa. Hér verður greint frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga eru þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort

heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eykatmörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll Grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist t.d. vörður á fjallvegum, en þær hafa sumstaðar verið hlaðnar í öryggisskyni fram á þennan dag.

3. Menningarminjar á afrétti Ölfushrepps

Svæði það sem skráð var á Hengilssvæðinu sumarið 1998 er hluti af hálendi Íslands og er allt hærra en svo að þar hafi verið hægt að stunda hefðbundinn búskap við venjuleg skilyrði. Helstu nytjar af svæðinu hafa verið sumarreitubúskapur, einkum sauðfjáragæsla og nautgripa, en slík not skilja yfirleitt ekki eftir sig miklar minjar. Hengilssvæðið er hinsvegar óvenjulegt meðal hálendissvæða á Íslandi því að þar eru allmiklar minjar eftir umsvif í sumarbitögum en miklu meiri minjar eru þó tengdar samgöngum en margar fjölfarnar þjóðleiðir liggja um svæðið. Af þessu leiðir að allmiklar sögur hafa gerst á svæðinu og eru þannig óvenjumargir þjóðsögustaðir skráðir þar. Svæðið hefur sérstöðu enn þann dag í dag því um það liggur helsta umferðaræðin milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins og það er fjölsótt útivistarsvæði bæði um sumar og vetur. Á Hengilssvæðinu fara því saman óvenjumiklar fornminjar og óvenjumikil umferð manna miðað við önnur hálendissvæði og skapar þetta vanda fyrir fornleifarnar, því mikil umferð eykur líkur á

Kort 1. Mörk skráningarsvæðis og staðsetning minjastaða. Hæðalínur með 100 m millibili.

skemmdum og eyðileggingu. Þessar aðstæður gefa þó ekki síður spennandi möguleika á því að kynna sögu svæðisins og minjarnar sem þar eru á framsækin og spennandi hátt.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu flokkum fornminja á svæðinu en í lok skýrslu þessarar verða dregnar saman helstu niðurstöður og gerðar tillögur um varðveislu og kynningu.

Minjar um nýtingu afréttar. Svæðið sem skráð var 1998 er allt innan Ölfushrepps og hefur verið nytjað sem afréttur frá bæjum í Ölfusi. Ef miðað væri við vatnskil myndi þó vestasti hluti svæðisins, Svínahraun, Bolavellir og Norðurvellir tilheyra byggðum við innanverðan Faxaflóa. Víst er að nautgripir og sauðfé Mosfellssveitarmanna hlýtur að hafa gengið saman við fé Ölfusinga á þessu svæði og jafnvel einnig í Henglinum sjálfum. Þar við bætist fé úr Grafningi sem einnig átti land inn á Mosfellsheiði og í Henglinum. Þó hægt sé að draga afréttarmörk með afgerandi hætti á korti hafa slíkar línur haft litla þýðingu þegar kom að smölun á haustin og þurftu nágrannabyggðir að hafa samstarf um göngur og réttir svo að allt fé kæmist til skila. Slíkt samstarf var yfirleitt í föstum skorðum en gat einnig leitt til deilna. Sagnir eru um að slegið hafi í brýnu milli Ölfusinga og “Suðurnesjamanna” einhverntíma fyrir á öldum við réttir þar sem síðan heitir Orrustuhóll. Ekkert kjöt hefur varðveist á beinum þeirrar sögu en bent hefur verið á réttarstæði undir hólnum og er þar lítilfjörleg hleðsla. Önnur réttarrúst á að hafa verið litlu austar, austan við Hengladalaá. í Smjörþýfi, og átti réttin að hafa verið flutt þangað frá Orrustuhól eftir að Ölfusingar og Nesjamenn skildu félag sitt um leitir eftir bardagann við Orrustuhól. Smjörþýfi er miklu sennilegra réttarstæði en hraunið við Orrustuhól, en þar sjást engar réttarleifar lengur. Reynt hefur verið að tengja sögnina um Orrustuhól við annálsgrein frá 1162 sem segir frá því að það ár hafi verið barist í réttum suður í Flóa (Bsk I, 415 – í flestum öðrum annálum er aðeins talað um “réttarvíg”), en varla er ástæða til að ætla að höfundur greinarinnar hafi orðið svo hált á landafræðisvellingu að Hellsheiði hafi orðið að Flóa í höndum hans. Er einsýnt að þessir atburðir eigi ekkert skylt annað en það að sundurdráttur fjár hefur oft orðið tilefni til illdeilna á Íslandi. Á seinni öldum höfðu Ölfusingar réttir miklu vestar, eða undir Húsmúla, og er enn rétt þar. Skammt frá nýju réttinni er eldri grjóthlaðin rétt fast við Draugatjörn, sem notuð hefur verið fram á þessa öld. Réttin sjálf er tæplega mjög gömul en réttarstæðið getur verið allfornt. Á Hellsheiðinni sjálfri og í Hengladölum hefur fyrst og fremst verið

biett sauðfé á sumrin en á Mosfellsheiði gengu hinsvegar ungneyti laus á sumrin á 18. öld og geta Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson þess í Ferðabók sinni sem dæmi um hverfandi búskaparhætti. Nautgripum og hestum sem gengu á Mosfellsheiði var réttað í Engidal eða Marardal og munu þær réttir hafa lagst af skömmu fyrir 1860. Undir það síðasta munu það fyrst og fremst hafa verið hross Grafningsmanna og Ölfusinga sem gengu þar. Af lýsingu frá 1703 er helst að skilja að réttir þessar hafi verið við Engidalsá en Marardalur er hinsvegar upplagt réttarstæði af náttúrunnar hendi og eru þar hleðslur fyrir uppgöngum úr dalnum. Aðeins ein verulega greið leið er úr dalnum og er hann heldur afsæktur frá beitolöndunum á Mosfellsheiði og mætti geta til að hann hafi fyrst og fremst verið notaður til að geyma mannýg naut, en sæmilegur bithagi er í dalnum þó ekki sé hann stór.

Fyrir utan dalina upp frá Reykjahverfi þar sem vitað er um sel frá Reykjum og Sogni er aðeins eitt sel á skráningarsvæðinu en það er Hafnarsel frá Þorlákshöfn sem er skammt vestan við veginn eftir að komið er niður úr Þrengslum. Líklegt verður einnig að telja að einhvertíma í fyrndinni hafi verið haft í seli á Kolviðarhóli eða þar í grennd. Á Bolavöllum (eldra nafn: Hvannavellir) eru ágætir bithagar og svolítið slægjuland og hafi aðstæður ekki breyst þar mjög til batnaðar undanliðnar aldir væri beinilínis sérkennilegt ef þar hefði ekki verið haft í seli frá einhverju stórbýlanna í Ölfusi. Ekki hefur það þó verið þegar jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var tekin saman í byrjun 18. aldar og engar minjar eru þekktar sem benda í þessa átt.

Þá er einnig vert að geta þess að fyrrum voru talsverð not af fjallagrösum, bæði á Hellisheiði og í Svínahrauni, og munu þau einkum hafa verið tínd af Ölfusingum.

Bú var reist á Kolviðarhóli 1883 og varði til 1954, en þar sem sá búskapur tengist fremur sögu samgangna á svæðinu en búnaðarsögu verður fjallað um hann í næsta kafla.

Samgönguminjar. Helsta sérkenni Hellisheiðar og Hengilssvæðisins eru hinar mörgu samgönguleiðir sem liggja þar um. Að vísu var hlutfallslega minna farið um Hellisheiði á fyrri öldum en nú, því að milli Suðurlands og Vesturlands voru þá yfileitt farnar aðrar leiðir, um Kjöl, Uxahryggi, Leggjabrjót, Botnsheiði eða Grafning um Kjósarskarð. Engu að síður var Hellisheiðin aðalleið milli vesturhluta Árnessýslu og Kjalarnesþings og eftir að kaupstaðir festust í sessi, fyrst í Þerney, svo í Hafnarfirði og Hólminum/Reykjavík óx mikilvægi þessarar leiðar. Hellisheiðarvegur lá áður fyrr

Kort 2. Fornar leiðir á skráningarsvæðinu. Hæðalínur með 100 m millibili.

mun norðar en nú en þegar komið var að vestan var farið norðan við Svínahraun en ekki í gegnum það eins og nú enda var úfið hraunið illfært bæði hestum og fótgangandi mönnum. Sléttir vellir eru norðan við hraunið með fram Engidalskvísl og síðan var farið upp með Húsmúla, sem dregur nafn sitt af sæluhúsi sem þar var við Draugatjörn og er frægt bæði fyrir að vera eitt hið elsta sem góðar heimildir eru um á Íslandi og fyrir draugagang sem varð til þess að húsið var fært á Kolviðarhól 1844. Frá Draugatjörn lá leiðin framhjá Kolviðarhóli og upp Hellisskarð og síðan eftir sléttum hellum austureftir heiðinni og niður Kambana heldur sunnar en vegurinn er nú. Á vestari hluta heiðarinnar hafa myndast rásir í móbergshelluna eftir járnaða hófa sem þarna hafa farið yfir um aldir og eru það bæði sérstakar og mikilfenglegar minjar. Umferð jókst mjög á þessari leið á 19. öld eftir því sem mikilvægi Reykjavíkur óx og var hún einnig póstleið frá því að póstsamgöngur hófust í lok 18. aldar. Jókst þá einnig áhyggja manna af öryggi á leiðinni. Laust fyrir 1830 hlóð Þórður Erlendsson bóndi á Völlum í Ölfusi, að eigin frumkvæði að því er virðist, kofa úr hellugrjóti uppi á heiðinni sjálfri og stendur hann enn. Á þessum tíma hefur gamla sæluhúsið við Draugatjörn verið orðið hrörlegt auk þess sem margir virðast hafa veigrað sér við að gista þar vegna draugagangs. Það var síðan lagt niður er timburhús á hlöðnum sökkli var byggt á Kolviðarhóli 1844. Á þeim tíma voru ekki mörg timburhús á Íslandi og er þessi íburður til marks um mikilvægi leiðarinnar. Í hinu nýja húsi gátu sofið 24 menn og einnig var skjól fyrir 16 hesta. Þetta hús var síðan farið að láta á sjá þrjátíu árum síðar og 1878 var byggt, með opinberu fé, steinhús á Kolviðarhóli til að taka við timburhúsinu, sem eftir sem áður var notað sem hesthús. Sömu sögu er að segja að 1878 voru ekki mörg steinhús á Íslandi og sýnir þetta vel hversu mikilvægt það þótti að ferðamenn gætu leitað öruggs skjóls á þessari leið. Vel var fylgst með byggingu þessa húss í Reykjavíkurbloðunum enda var þetta ein af fyrstu opinberu framkvæmdum sem Íslendingar réðust í eftir að þeir fengu sjálfstæðan fjárhag 1874. Fimm árum eftir að steinhúsið á Kolviðarhóli reis, eða 1883, flutti þangað Jón Jónsson með fjölskyldu sína og var búið þar til 1954. Byggð á Kolviðarhóli byggðist fyrst og fremst á greiðasölu og var beinlínis hugsaður til að auka öryggi á leiðinni en þeir sem þar bjuggu fengust einnig við hefðbundinn búskap og má sjá um hann allmiklar minjar. Tún var ræktað á hólnum og sést enn vandaður túngarður í kring um það. Fleiri garðar voru hlaðnir í grenndinni sem minna á heyskap Kolviðarhólsbænda.

Um svipað leyti og nýja sæluhúsið var byggt á Kolviðarhóli 1878 var lagður vegur yfir Svínahraun, mun norðar þó en núverandi vegur, og upp Hellisskarð yfir

heiðina á sama stað og gamla þjóðleiðin. Þessi vegur var þó ekki vagnfær sem dró mjög úr nytsemi hans. Nýr vegur var lagður yfir Hellisheiði 1894-1895 og var þá vegarstæðið flutt suður fyrir Reykjafell og vagnfær leið gerð um Hveradali sem síðan sameinaðist gömlu leiðinni auatar á heiðinni. Frá þessari vegagerð er örnefnið Smiðjulaut sem kennt er við smiðju vegagerðarmanna. Vegurinn sem nú er farinn er mun sunnar í Svínahrauni en norðar á Hellisheiði en gamli vegurinn og má víða sjá minjar um þessa gömlu vegagerð á heiðinni.

Leiðin um Hellisheiði var fyrst og fremst farin af Ölfusingum og þeim sem fóru yfir Sogið hjá Torfastöðum og síðan um Grafningsháls en úr Grafningi lá einnig fjölfarin leið um Dyrarfjöll, Dyravegur, yfir Mosfellsheiði. Sá vegur liggur um nyrsta hluta afréttar Ölfusinga og er þessvegna getið hér. Fáfarnari leið var úr norðanverðum Grafningi um Ölkelduháls og Milli hrauns og hlíðar norðan við Orrustuhólshraun og saneinaðist hún Hellisheiðarvegi rétt austan við Hellisskarð. Þeir sem áttu leið í Þorlákshöfn eða Selvog frá innanverðum Faxaflóa fóru yfirleitt ekki Hellisheiði heldur Lágaskarðsveg eða Ólafsskarð, en Þrengslin sem eru á milli þessara leiða munu hafa verið fáfarin fyrrum. Bæði Þrengslavegur og Lágaskarðsvegur klofnuðu frá Hellisheiðarvegi hjá Kolviðarhóli og lágu beint til suðurs með austurbrún Svínahrauns. Ólafsskarðsleið liggur hinsvegar mun vestar og sameinast ekki öðrum vegum fyrr en niðri í byggð, Hellisheiðarvegi hjá Fóelluvötnum, en Þrengslavegi sunnan við Þúfnavelli. Í Ólafsskarði munu vera rásir í móbergshelluna eins og á Hellisheiðarvegi og Dyravegi. Þeir sem komu úr Borgarfirði eða enn lengra að vestan eða norðan og áttu erindi í Selvog, og þeir voru ekki fáir fyrr á öldum enda stórar verstöðvar þar suður með, fóru annaðhvort um Þingvöll eða Kjósarskarð og gátu þá valið að fara með bæjum um Grafning eða þræða austurbrún Mosfellsheiðar, vestur með Dyrarfjöllum og koma á Hellisheiðarveg á Bolavöllum þaðan sem binust leið var í Selvog um Lágaaskarðsveg. Þó að þessi leið virðist auðveld og greiðfær eru sáralitlar heimildir um hana.

Aðrar leiðir sem skráðar eru á afrétti Ölfusinga voru fyrst og fremst notaðar af innasveitarmönnum og gangnamönnum. Þannig liggur leið, Skógarmannavegur, frá Þurá beint til norðurs yfir austurhluta Hellisheiðar og yfir Ölkelduháls til Nesja en þangað var farið til kolagerðar frá Hjalla. Frá Núpum liggur einnig gata upp á Hellisheiði og hefur hún einnig verið notuð af þeim sem fóru Hellisheiði en áttu erindi í vesturhluta Ölfushrepps.

Þjóðtrúarstaðir og útilegumannaminjar. Eins og vænta má á jafnfjölförnu svæði hafa margar sögur orðið til sem tengjast Henglinum og Hellisheiði. Elst og frægust er sennilega frásögn Kjalnesinga sögu af fyrirsát Kolfinns fyrir Búa og frækilegri vörn þess síðarnefnda við Búastein sem enn er niðrundan Öxnaskarði, eins og Hellisskarð var kallað samkvæmt sögunni. Aðrar sögur tengjast annaðhvort draugagangi eða útilegumönnum. Draugagangur á afréttinum var yfirleitt af völdum manna sem höfðu orðið úti á heiðinni og öngruðu þá sem leituðu sér skjóls í sæluhúsum á leiðinni. Annað þema er um mann sem verður úti vegna þess að sá sem fyrir var kominn í sæluhúsið þorði ekki að opna fyrir hinum vegna draughræðslu. Mikil gnótt er af slíkum sögum og er hver annari lík. Sögur af þessu tagi lifa enn meðal almennings og eru settar í nýjan búning eftir því sem tímar líða. Þeim var ekki safnað skipulega við þessa fornleifaskráningu en þær tengjast fyrst og fremst sæluhúsunum þremur sem reist hafa verið á svæðinu.

Annar flokkur sagna er um útilegumenn og hefur verið bent á hleðslur á a.m.k. tveim stöðum sem gætu tengst útleğðartilraunum. Einna upprunalegastar eru sögur sem tengjast helli með hleðslum í Innstadal og er vitað að hann var kannaður um 1800 og þá voru uppi sögur um að gömul kona hefði fæðst í hellinum um 1700. Sagan er um skipshöfn sunnan með sjó sem lagðist út og hafðist við í helli þessum og voru nokkrar konur í hópnum. Byggðamenn gerðu síðan aðför að útilegumönnum og drápu þá alla á flóttu vestan í Henglinum eða á Mosfellsheiði. Örnefnið Þjófahlaup vestan við Skeggja hefur verið tengt við þessa atburði en það kemur fyrir í lýsingu Hálfðanar Jónssonar af Ölfushreppi frá 1703 og vissi hann þá ekki hverju það tengdist (SSÁ, 240, Þjófahlaup er ÁR-473:030 en örnefnið mun hafa færst til norðurs síðan 1703). Greinilegar hleðslur eru í hellinum í Innstadal og er hann ekki ósennilegri útilegumannabústaður en margir aðrir. Meiri heimildir eru til um skammvinna útleğð kærustuparsins Eyvindar og Margrétar 1678 en þau voru gripin í tvígang, fyrst hjá Örfyriseyjarseli og síðar í skúta í Ölfusvatnslandareign. Hvorugur þessara staða er á afrétti Ölfushrepps en bent hefur verið á hleðslu í helli í Engidal sem mögulegan dvalarstað þessara skötuþjúga. Hleðslan í þessum helli er skýrt mannaverk en líklegri verður að teljast kenning sú að hún sé verk hreindýraveiðimanna eða jafnvel nautreka því útsýni yfir beitlönd vestan undir Hengli er afargott úr þessum helli.

Önnur Margrét hefur skilið eftir sig sögur á Hellisheiði en hún var hálfgerð forynja sem angraði ferðamenn um Hengilssvæðið þar til hún var drepin og mun það hafa verið í byrjun 19. aldar.

Kort 3. Fornleifar á Hellisheiði. Hæðalínur með 100 m millibili.

4. Aðalskráning fornleifa 1998

ÁR-721:001 *Kolviðarhóll* bæjarstæði 64°02.367 N 21°23.628 V
"[Vorið 1883] sezt líka að á Kolviðarhóli Jón bóndi frá Stærribæ í Grímsnesi. Byggði hann sér bæ framan í hólnum." Bærinn hefur staðið framan í hólnum, suðvestantil.

Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur norður úr Reykjafelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið eru sléttar grasi grónar grundir að Húsmúla og Svínahrauni, en að austan er mosagróið hraun. Ekkert vatnsból er sýnilegt en hefur væntanlega verið í brunni.

Undirstöður síðustu húsanna á Kolviðarhóli sjást enn vel og hafa sumar verið steyptar en aðrar eru úr tilhöggnum sandsteini, sem víða má finna í Reykjafelli beint ofan við hólinn. Steinarnir eru allstórir, margir um 60x30x30 sm. Sumstaðar er steyp á þessar hleðslur. Framan í nyrðri hluta hólins (norðan við bæjarstæðið) hefur verið hlaðinn pallur úr hraungrýti og er hann mjög heillegur að sunnanverðu og að vestan en norðurhornið er hálfhrunið. Rafmagnsmastur er í túninu beint sunnan við hólinn og sunnan við það er lítill heimagrafreitur með steypum veggjum. Fyrir utan 002 er hleðslugrjót og steypuleifar á nokkrum stöðum á og utaní hólnum, einkanlega norðantil en ekkert af því svo mikið að talist geti húsaleifar. Upphlaðinn vegur, sennilega frá því snemma á öldinni - mögulega gerður með handverkfærum - liggur upp á hólinn að norðan úr vestri.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

Heimild: SK, 3

ÁR-721:002 útihústóft 64°02.343 N 21°23.527 V
"1910 voru tvö hús á Hólnum, timburhús og steinhús, þar að auki næg búpeningshús." Einu útihúsaleifarnar sem nú sjást er steypuhrúgald austan í norðanverðum hólnum, um 30 m NA af 001. Utaní hól í túni, gróið í kring.

Erfitt er að átta sig á lögun hússins en það hefur verið gert úr járnbenntri steinsteypu, um 20 sm þykkir veggir neðst en ofan á liggja steypuplötur sem eru um 10 sm þykkar. Að hluta hefur húsið haft moldarveggi. Aðalgrunnurinn er 6x5 m, en norðan við hann eru steypuleifar á 2x4 m bili og þar næst norðanvið annar húsgrunnur, 7x4 m og eru rásir þar sem veggirnir hafa verið og standa 6 staurar uppúr.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

Heimild: SK, 5

ÁR-721:003 *Kolviðarhóll* þjóðsaga 64°02.367 N 21°23.628 V
"Almenn sögn segir, að í þessum hól sé heygður Kolfinnur, sem nefndur er í Kjalnesinga sögu." Kolviðarhóll er hár og breiður náttúrulegur melhóll og stóð þar lengi sæluhús en bú var reist þar 1883 sbr. 001

Heimild: KK I, 47

ÁR-721:004 *Nautastígur* heimild um leið 64°04.818 N 21°22.334 V
"Inn í útsuðurhlíð Hengilsins gengur Engidalur. Er hann á milli Marardals og Húsmúlans. Í Engidal er Nautastígur." segir í örnefnalýsingu. Nautastígur er leiðin úr Nautadal og út á Norðurvelli, sennilega á svipuðum slóðum og merkt gönguleið er nú meðfram Engidalsá.

Allmikið graslandi er í Engidal sunnan við Engidalsá og jarðvegur þykkur, sundurskorinn af lækjargiljum. Stígurinn dregur nafn af því að nautgripir Ölfus- og Grafningsmanna voru geymdir í Engidal og á Bolavöllum þar vestan við. Hnit tekið þar sem dalurinn opnast til vesturs.

Heimild: Ö-Hengill a,2

ÁR-721:005 *Hellurnar* gata 64°01.608 N 21°20.084 V
FRIDLÝSTAR MINJAR. "Austur frá Reykjafelli eru Hellurnar, eru þær sléttar klappir, liggja yfir þær djúpar götur eftir hestafætur. Sanna göturnar að yfir þessar sléttu klappir hefur umferð verið allt frá fyrstu byggð hér á landi." segir í örnefnalýsingu. Allt frá því að komið er upp úr Hellisskarði er hálfbert helluhraun austur að miðri heiðinni eða þangað til að fer að halla austur í Ölfus. Á þessari leið, sem merkt er með vörðum (sbr. 007) má víða rekja rás í helluna sem myndast hefur af umferð járnaðra hesta. Helluhraun. Rásin sést fyrst og fremst þar sem hraunið er slétt og ógróið en á milli er mosagróður og grjóthróngl.

1703: "[Hellisheiðar] vestri partur er víða með sléttum hellum af hraungrjóti, án gatna, nema þær hestanna járn hafa gjört og auðsjáanlegt er, þeim athuga. Þessar sléttu hellur ná allt vestur að Biskupsvörðu.

19.6.1793: "Þegar komið er upp á heiðina [úr Hellisskarði], verður fyrir samfelld hraunbreiða, og er aðeins eitt einstigi yfir hana. Hraunið er að mestu flatar og sléttar hellur, en grjót og melar hér og hvar ... Svo mætti virðast, sem einstigi þetta væri höggvið af manna höndum í hraunstorkuna, því þar er svo beint og reglulegt. Víða mælist það allt að 1/2 feti, og má af því marka, hve geysigamall þessi vegur er og fjölfarinn." SP Ferðabók, 194.

1998: Rásin er misgreinileg, yfirleitt um 0,4 m breið (á bilinu 0,25-0,45 m) og víðast 0,05-0,1 m djúp en mest 0,26 m. Samfellda kafla má rekja lengst um 50 metra en yfirleitt mun styttra en á milli liggur leiðin sumstaðr um djúpar rásir þar sem grjóri hefur verið rutt úr veginum en víðar gufar slóðin alveg upp á milli klappasvæðanna og helsur ekki alltaf áfram í beinu framhaldi af því sem slepti. Á nokkrum stöðum má greina að slóðin er tvö- eða jafnvel þreföld. Sumstaðar sést engin rás þar sem þó er klöpp og annarsstaðar sést rásin aðeins sem örlítill dæld sem ekki verður greind nema af því að litamunur er þannig að bergið er ljósara í rásinni en í kring. Rásin sést mjög skýrt um 100 m sunnan við vörðuröðina, skammt vestan við neyðarskýli slysavarnarfélagsins við Þjóðveg 1, en þar skammt vestan við hefur rásin verið skemmd þar sem rafmagnsmastur hefur verið byggt á klöppinni en auk þess hefur hringvegurinn verið lagður yfir klöppina. Rekja má rásina um 200 m til austurs, sunnan við hringveginn, eða u.þ.b. jafnlangt og vörðurnar ná en þar austan við fer að halla undan fæti auk þess sme þar er minna um berar hraunklappir en meira um mosapembur.

Hættumat: mikil hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Afr.Ölf. 8; SSÁ, 238; SP Ferðabók, 194.

ÁR-721:006 *Selflatir* örnefni

Sunnan við Súlufell er Laxárdalur. Suður af dalnum eru Villingavatnsbotnar. Framan við botnana er Klóarfell. Austan við það er Selfjall.[...] Austan undir Selfjalli eru Selflatir.

Þessi lýsing er enganvegin skýr en austan við Selfjall í landi Reykjatorfu er Efjumýri í landi Úlfljótsvatns og er ekki vitað um sel þar. Engri átt nær að Sleflatir þessar séu þær sömu og Selflatir fyrir norðan Úlfljótsvatnsselsfjall (ÁR-479:041) en mögulegt er að þær vísi til sels frá Úlfljótsvatni í Úlfljótsvatnsbotnum (Botnasef ÁR-

47:063). Helst mætti túlka lýsinguna þannig að Selflatir hafi heitað vestan við Efjumýri en ekki er vitað um sel þar.

Heimild: Ö-Hengill a, 2-3

ÁR-721:007 *Hellisheiði* heimild um leið 64°01.937 N 21°22.149 V **FRÍDLÝSTAR MINJAR.** 1703: "Fyrir austan ... Bæjarþorpsjarðir, en vestan Varmá, liggur almenningsvegur yfir fjallgarðinn á Suðurnes og í Kjalarnesþing, fyrst upp á Kamba ..., síðan vestur yfir Hellirsheiði, hvör að austanverðu hefur mikla mosa, með mjög litlu grasi, allt þar til Þrívörður heita og heiðin sjálf meinast mið vera, en hennar vestri partur er víða með sléttum hellum af hraungrjóti, án gatna, nema þær hestanna járn hafa gjört og auðsjáanlegt er, þeim athuga. Þessar sléttu hellur ná allt vestur að Biskupsvörðu. Fleiri vörður eru og við veginn til leiðarvísirs." 1840: "Hellirsheiði er ... vel rudd ... Á Hellirsheiði eru yfir 100 vörður; er sá fjallvegur helst tíðkaður á vetrum." SSÁ, 205

"Hinn forni vegur yfir fjallgarðinn milli Ölfuss og Mosfellssveitar lá af Kambabrún sjónhending í skarðið milli vesturenda Skarðshlíðar og norðurenda Reykjafells. Lá vegurinn þar niður af Hellisheiði um Hellisskarð, yfir Bolavelli, vestur með Húsmúla, niðuri Norðurvelli með norðurbrún Svínahrauns hjá Lyklafelli, og var þá komið í byggð hjá Helliskoti í Mosfellssveit. Á þessari löngu leið voru sama sem engar vörður. Austast á Hellisheiði voru vörðubrot og önnur vörðubrot vestast á heiðinni." "Vegir hafa legið yfir Hellisheiði frá ómunatíð. Gata lá upp Kamba, yfir Hurðará og í stefnu á Gíga ofan við Hellisskarð. Í klöppum á þeirri leið eru víða djúpar götur, gengnar á liðnum öldum. Síðar var lagður upphlaðinn vegur, kenndur við Eirík í Grjóta, sömu leið."

"Það mun hafa verið nálægt 1880-1881, að Eiríkur Ásmundsson í Grjóta [...] lagði steinilagðan veg um Kamba, yfir allar hæðir og lautir, svo að hann yrði þráðbeinn. Vegna brattans víðast hvar og þess, að ekkert var borið ofan í veg þennan, var hann sjaldan eða aldrei farinn, en sumarið 1894 var upphleypti vegurinn yfir Kamba lagður, og var hann krókóttur mjög og aðeins ætlaður gangandi mönnum og ríðandi, svo og vagnhestum [...]. Eystri hluti vegarins yfir Hellisheiði var lagður sama árið sem Kambavegurinn [...] en vegurinn yfir vestari hluta heiðarinnar var lagður árið áður [...]."

"Frá stóru vörðunni á Efra Skarði lá leiðin til austurs um greiðfært hraun. Þar má sjá götu, sem grjótið hefur verið týnt úr og beinan upphlaðinn veg, þann fyrsta sem lagður var á Hellisheiði. Sá vegur mun hafa verið lagður árið 1879 og kallaður Eiríksvegur. Kenndur við verkstjóran, Eirík Ásmundsson frá Grjóta. Bílaslóðin sunnan fyrir Reykjafell liggur yfir gömlu götuna hjá litlum gíghól . . . Vörðurnar standa sig vel, flestar, og eru 18 vörður frá gíghólum og austur á Syðri-Þrívörðu. Þar kemur hraunbrún, sem liggur þvert á leiðina. Á brúninni norðan götunnar stendur gamalt sæluhús ... Niður af hraunbrúninni liggur sniðgata og enn er helluhraun með sporuðum klöppum. Næsti áfangi er önnur hraunbrún. Sú er nefnd Eystri Þrívörður. Þar var talin hálfnuð leið yfir Hellisheiði. Þá tekur við ósléttara hraun, sunnan við apalhraunið. Þar er greinileg gata og hefur hún gróið grasi. Þegar nálgast austurbrúnina beygir hún til suðurs, vestan við Hurðarásinn, sem gamli bílvegurinn lá yfir. Síðan gegnum skarð sunnan á ásnum . . . Síðan lá leiðineftir vatnsfarvegi niður á Kambabrúnina ... Síðan lá leiðin um sniðgötu niður Kambabrúnina, skammt ofan við gamla þjóðveginn, sem bíllinn notaði. Greinileg gata liggur niður Kambabrekkuna, gróin grasi. Síðan lá leiðin um melinn, sunnan Hamarsins." Útivist 6(1980), 82-86. "Framhald [vegar Eiríks í Grjóta um Svínahraun, b. 1877-78] lá upp um Hellisskarð fyrir ofan Kolviðarhól; þar er enn (1973) efst í skarðinu lítt hrunin hleðslan í

vegköntunum. / Hellisskarðsvegur var ekki vagnfær, til þess var hann of brattur .. . Næst á dagskrá á Suðurlandsvegi var að leggja Kamba- og Hellisheiðarveg. Eiríkur frá Grjótá [!] tók þá vegagerð að sér og gefur þann veg enn að líta ef vel er skoðað í Kömbum. Er skemmst frá því verki að segja, að Kambavegur var lagður 1879 og var svo brattur að hann þótti lítt nothæfur og var ekki mikið farinn þau 15 ár sem liðu, þar til næst var lagður vegur um Kamba. 1880 hélt Eiríkur áfram vegarlagningu og lagði nú veginn vestur yfir eystri hluta Hellisheiðar; allt til þess er kom á helluhraunið sem var greiðfærara. Lengd þess vegar var um 4-5 km og var hann þráðbeinn og allvel gerður og er enn vel sýnilegur ... Kunnáttuleysi í vegagerð og vantrú á notkun og framtíð vagna olli því, að vegirnir voru lagðr á þann hátt, að þeir útilokuðu þann möguleika að menn hæfu vagnferðir eftir þeim .. Til þess var brattinn í Hellisskarði og Kömbunum of mikill og einnig vantaði akfæran veg frá Reykjavík upp að Svínahrauni. Við þetta ástand sat að mestu fram yfir 1890." Magnús Grímsson: Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi, Landnám Ingólfs 2 (1985), 88-89. Vegurinn var færður suður fyrir Reykjafell á svipaðar slóðir og hann er enn í dag 1894-95 sbr. 061.

Vörður eru hlaðnar allt frá Hellisskarði og að Syðri Þrívörðum, skammt austan við neyðarskýli Slysavarnarfélagsins við þjóðveg 1. Þær eru vel hlaðnar úr þunnu hraungrýti, toppmyndaðar, um 1,5 í botninn og um 1,5 m háar, með töluverðu af skófum og mosa. Þær eru með 60-140 m millibili, 90 m að meðaltali.

Heimildir: SSÁ, 238, 205; SK, 1; Ö-Hellisheiði, 1; Jón Pálsson, Austantórir II, 131-2; Áningarstaðir á lestamannaleiðum, 148

ÁR-721:008 túngarður 64°02.322 N 21°23.857V
"Jón fór nú að græða tún og girti með grjótgarði." "[Guðni Þorgergsson fór að búa á Kolviðarhóli 1895.] Stækkaði [hann] túnið ..." segir í sögu Kolviðarhóls. Grjóthlaðinn garður er um túnið á Kolviðarhóli, alls 753 m langur með hliði á norðurhlið sem veit að Hellisskarði, víðast um 1 m hár en mest 1,5 m, og um 1,5 m þykkur. Beinir hliðar að austanverðu en í þeim hluta garðsins sem er suðvestan við bæinn og hólinn er gróið upp á garðinn að innan. Um gróið tún, austurhlið á hrauni.

Garðurinn er sennilega hlaðinn í tveimur áföngum, annarsvegar er U-laga garður, mjög jafn og fallega hlaðinn suðvestan við bæjarhólinn á sléttri grundinni og er þar gróið upp á garðinn að innan og horn fagurlega sveigð, og gæti þetta verið sá hlutinn sem Jón hlóð. Hinn áfanginn hefur hafist í brekkurótunum beint suður af bæjarstæðinu og liggur svo upp á hjallann og svo norður fyrir hólinn við rætur hans og er hvasst horn að norðaustan, og gæti þetta verið tilkomið seinna og verið stækkun Guðna en ekki er þó óhugsandi að þessu hafi verið öfugt farið.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

Heimild: SK, 4, 5

ÁR-721:009 sæluhústóft 64°03.020 N 21°24.642 V
1703: "Á norðanverðum Hvannavöllum, er strax taka til fyrir neðan skarðið, stendur Sælhús (ei langt frá veginum) so kallað, hvort allt þessa tíma Ölves innbyggjarar hafa upp haldið, vegfarandi fólki harla nauðsynleg á vetrartímanum til innivistar. Er og lofsvert, að þetta sælhús ei niður falli."

19.6.1793: "Skömmu áður en komið er að fjallinu, sést lítill kofi, hlaðinn úr hraungrjóti, en með torfpaki. Hann er ætlaður þeim, sem ferðast þarna á vetrardegi, og kallast sæluhús. Margir hafa dáíð í þessum kofa, því oft hafa þeir ekki fundið hann fyrr en þeir voru örmagna af hungri og kulda."

"Í ekkert hús var að vanda [á leiðinni yfir Hellisheiði] nema smákofa, er var í

Svínahraunstöglum, sem ganga út á Norðurvellina. Kofi þessi var illa ræmdur fyrir draugagang, og mynduðust meðal manna hinar fáránlegustu sögur um kofa þennan; munu nú flestar þessar draugasögur gleymdar. [...] Árið 1845 var nú kofinn í Svínahrauni fluttur upp á Kolviðarhól." "Það var lagt niður og nýtt sæluhús byggt á Kolviðarhóli 1844." "Norður af Bolavöllum vestarlega mun enn sjást votta fyrir hústóft einni. Var þar húskofi nokkur eða sæluhús, hið eina skýli, er til var vestan Hellisheiðar þar efra, og hæð sú, er sæluhús þetta stóð á, hinn svonefndi Húsmúli, er virðist hafa hlotið nafn þetta vegna sæluhúss þessa. En það sýnir, að það hefur staðið þarna langan tíma áður [...]." "Þar sem norðaustur horn Svínahrauns nær næst Húsmúlanum er tjörn í bilinu. Hún heitir Draugatjörn. Austan við tjörnina er lítil rúst á litlum hól. Þar stóð Sæluhúsið við Húsmúlan frá fornu fari fram til 1844, að það var flutt upp á Kolviðarhól, vegna draugagangs meðal annars." "Austan við tjörnina sést enn rúst af sæluhúsi, mjög gömlu ... Þar hefur ekki verið rúm fyrir marga, eftir tóftarbrotinu að dæma, varla meira en einn mann og hest. Stærðin r 2,15x1,5 m. Ferðamenn urðu oft fyrir ásóknum í þessu húsi, svo að þeim varð ekki svefnsamt. Frásagnir um það eru prentaðar í Þjóðsögum." Sæluhústóftin er á hraunhæð við austurenda Draugatjarnar, um 30 m frá henni. Uppi á lágum helluhraunshól eða hæð, þar sem mjór rani gengur norður úr Svínahrauni austan Draugatjarnar. Skammt frá tjörninni og læk sem rennur úr henni. Innan í tóftinni er hrúnið hraungrýti en hún er allvel gróin í hliðum. Ýmsar sagnir eru um menn sem hafa tekist á við drauga í kofa þessum, t.d. um Grím á Nesjavöllum en hann var á ferð þar um 1820 og kljádíst við afturgöngur þriggja manna sem höfðu orðið þar úti nokkrum árum áður. Þar kemur fram að bálki hafi verið í suðurenda kofans, Gráskinna hin meiri I, 239-243. Einnig um Eirík bónda í Haga pr. í Huld.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SSÁ, 239; SP Ferðabók, 193; SK, 1-2; Sæluhúsin á Suðurleið, 143; Farfuglinn (19)1, 15. Útivist 6(1980), 80-81

ÁR-721:010 *Húsatorfuhnúkur* örnefni

Suður frá [Lambhagaskarði] er Lambhagahnúkur syðri. Vestur frá honum er Húsatorfuhnúkur. - "Vestur frá [Lambhagahnúk syðri] er Húsatorfuhnúkur." "Húsatorfur, nafnið er gamalt."

Ekki er vitað hvaða hús þessi hnúkur er kenndur við.

Heimildir: Ö-Hengill a, 3; Ö-Hengill, 3. Þórður Ö. Jóhannesson: Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi, 12.4.1976, (hdr)

ÁR-721:011 *Selás* örnefni

Norður frá Sognum eru Sognsbotnar. Austur frá þeim er Selás og Hlíðardalur. Sel hefur verið frá Sognum í Seldal sem heitir þar sem Sognsbotnar og Hlíðardalur koma saman.

Heimild: Ö-Hengill a, 3

ÁR-721:012 *Kolviðarhóll* heimild um sæluhús 64°02.367 N 21°23.628 V
"[...] sumarið 1844 var nýtt sæluhús sett á Kolviðarhóli undir Hellisskarði. Hús þetta er að öllu leyti tréhús, en stendur í álnar hárrí grjóttópt til beggja hliða og fyrir apturgafli. Það er þvínær 9 álna langt og 4 álna breitt, í þremur stafgölfum og portbyggt; þak, gaflar og hliðar tvöfalt niður fyrir bita; lopt er í öllu húsinu og hurð fyrir og stigi til uppgaugu; glergluggar uppi og niðri og jarnrimlar fyrir rúðum niðri; gólfið af tvílögðu hellugrjóti. Á framgafli er hurð, sem geingur út og verður ekki tekin af hjörum, með loku fyrir sem skjóta má frá og fyrir bæði að innan og utan. Í

húsi þessu hafa verið í einu 24 menn á loftinu en 16 hestar niðri." Ekki er vitað hvar á hólnum þetta hús stóð þó líklegt megi telja að það hafi verið á sama stað og bærinn seinna sbr. 001.

Heimildir: Reykjavíkurbóstur 1847/8, bls.115; Sunnanpóstur III, 95; Ný tíðindi 1851, 9-10; Ingólfur I, 75-76

ÁR-721:013 *Smiðjulaut*

"Suður af Reykjafelli er laut fast við veginn, er heitir Smiðjulaut. Þetta nafn er ungt. Þegar vegurinn var lagður yfir Hellisheiði, var byggður kofi í lautinni, þar voru verkfæri vegargjörðarmanna endurbætt." - "Skammt fyrir austan Reykjafell er lægð sunnan við veginn. Hún heitir Smiðjulaut. Þar stóð smiðja meðan vegurinn var lagður þar nálægt, upp úr 1890."

Heimildir: Ö-Afr.Ölf. 9; Ö-Hellisheiði, 1

ÁR-721:014 *Kolviðarhóll* heimild um sæluhús 64°02.367 N 21°23.628 V

"[Nýtt hús á Kolviðarhóli var] fullgjört 1878. Húsinu er lýst þannig: Tvö herbergi niðri og annað með ofni, ennfremur eldhús með suðuvél. Uppi tvö herbergi, annað til geymslu, en hitt fyrir ferðamenn." Ekki er vitað hvar þetta hús stóð m.v. fyrra sæluhúsið frá 1844 (sbr. 012) en þegar búskapur hófst á Kolviðarhóli 1883 var búið í þessu húsi og stóð það lengi eftir: 1883: "Árið 1878 var húsið orðið mjög skemmt, nærri því fallið, og var þar þá með opinberum styrk og samskotum byggt steinhús, sem síðan hefir staðið, og er þó alveg ófullnægjandi á slíkri þjóðbraut." segir Þorvaldur Thoroddsen í Ferðabók sinni. Frétt birtist um bygginguna í Þjóðólfi 25.9.1878, bls. 106 "Sæluhúsið á Kolviðarhóli, sem að mestu var fullgjört í fyrra haust, hefir nú fengið þá aðgjörð, sem þurfa þótti, hefir það verið notað í sumar og fólk haft þar bygð. Húsið er 10-11 álnir á breidd og lengd með samsvarandi hæð, úr límdum steini byggt og allsterkt, í því er og skorsteinn og herbergi til íbúðar, en meiri hluti hússins er ætlaður ferðamönnum. . . . Hið eldra sæluhús er notað fyrir hesthús ..."

Heimildir: Um byggingu sæluhússins 1878 sjá Þjóðólfi XXVI, 134-135; XXVII, 27-28; XXVIII, 56, 129-130; XXX, 32; Ísafold VI (1879), 128; Stjórnartíðindi 1876, 86. SK, 3; Þorvaldur Thoroddsen, Ferðabók I, 125; Þjóðólfi 25.9.1878, 106

ÁR-721:015 *Lágaskarðsvegur* heimild um leið 65°59.508 N 21°24.611 V

"Norður af Lambafellshrauni er Lambafell, sunnan við það er Stakihnúkur, er hann hjá Lágskarði. Eftir skarðinu liggur Lágaskarðsvegur." segir í örnefnalýsingu. Leiðin liggur frá Hveradalaflötu, undir austurhlíðum Lakahnúka og síðan um breitt skarðið yfir slétt og greiðfært helluhraun (að mestu mosagróíð) og síðan niður úr skarðinu (sem er meira eins og grunnt dalverpi en skarð) til Þorlákshafnar og í Selvog. Á herforingjaráðskorti frá 1909 (1:50000) er norðurendi leiðrinnar sýndur vestar en hér er gert ráð fyrir. Þar liggur Lágaskarðsleiðin útaf Hellisheiðarvegi undir neðstu brekkum Reykjafells og yfir hraunhólana neðan við Hveradalaflötu en sú leið er mun ógreiðfærari þó hún sé styttri. Á kortinu kvíslast leiðin við Lönguhlíð og liggur ein slóð til Breiðabólstaðar en önnur til Hrauns. Um grasi grónar hlíðar og slétt helluhraun, mosagróíð, mjög greiðfær leið. Vegurinn er lengstaf aðeins kindastígur en nokkur vörðutyppi eru í sjálfu skarðinu (á helluhrauninu) og gætu sum þeirra verið gömul. Á nokkrum stöðum má ímynda sér að hestaumferð hafi gert för í hraunhelluna en hvergi er það skýrt. Þessi leið mun nú ganga undir nafninu Lákastígur (sbr. 020). Steindór Sigurðsson lýsir Lágaskarðsleið í Árbók

Ferðafélagsins 1936: "Þessi leið liggur að mestu leyti samhliða Þrengslaleiðinni, en um það bil þremur km austar. Og Meitlarnir mynda takmörkin á milli þeirra. Leiðin liggur ... frá Skíðaskálanum, og stefnir suður yfir lága öldu, um 50 m upp á við af veginum í byrjun. Þegar upp á hana er komið, sér greinilega móta fyrir Lágaskarði. ... Vestan undir [Lákahnúkum] er víðast hvar graslendi, sem ásamt haganum undir Lönguhlíð, austar á leiðinni, hefir orðið til þess að gera leið þessa vinsælli en Þrengslaleiðina. Lágaskarðsleiðin var ein aðalþjóðleiðin yfir Hellisheiði, allt fram að því að akvegur var gerður yfir heiðina og sjálf sögðust leið allra austanmanna, er um Eyrarbakka komu og fóru yfir Ölfusá í Oseyrarnesi og um Hafnarskeið. ... Vestan undir Stóra-Sandfelli er hádepill Lágaskarðsleiðar, 303 m. Skammt austar liggur leiðin niður brekku eina talsvert bratta en ei langa, og þegar kemur á brekkubrúnina, sér vegafarndinn hvar Eldborgarhraunið breiðist út vestur með Meitilstöglunum og allt vestur að Sandfelli. ... Með heiðarbrúninni er greiðfær og götumtroðinn grasmói, og heiðin fyrir ofan hann - að suðurbunga Skálafells, heitir Langahlíð. / Norðaustur af Krossfjöllum skiptast leiðir ... en gamla aðalleiðin lá suðaustur með Lönguhlíð, niður hjá Kömbum og Kerlingadrögum, vestanvert við brún Hjallafjalls og annaðhvort austur með fjallsbrúninni, að Hjalla eða suðvestur undir hraunið, að hrauni, sem var fyrrum alkunnur viðkomustaður þeirra, sem Lágaskarð fóru. / Lágaskarðsleið er úr Hveradölum ... austur að Hjalla ... nál. 24 km." Steinþór Sigurðsson & Skúli Skúlason: "IV. Austur yfir fjall." ÁFÍ 1936, 116-118.

Hálfðan Jónsson getur Lágaskarðsleiðar í lýsingu Ölfushrepps frá 1703: "Á þessum fjallgarði, er fyrir norðan þessa byggð sveitarinnar liggur, eru þrír vegir vestur á Suðurnes, nefnilega Ólafsskarð, Lágaskarð og Sanddalavegur, hvorjir allir saman koma í einn veg á vestanverðu fjallinu, þá byggðarlönd taka til Suðurnesjajarða." SSÁ, 236. 1840: "... Lágaskarð vestur á Bolavelli, er alfaravegur til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar ... Lágaskarð er ... vel rudd." SSÁ, 205 "Einnig mátti fara um Lágaskarð sem er austar en Þrengslavegur liggur nú. Þeir sem komu "út á Eyrum" og þurftu að komast fljótt til Þingvalla hafa valið þessa leið. Hún var styst." SB III, 198

Heimildir: Ö-Afr.Ölf. 9; SSÁ, 236; ÁFÍ 1936, 116-118; SB III, 198

ÁR-721:016 *Mógil* mógrafir 64°02.910 N 21°23.675 V
"Mótak fann [Jón Jónsson] í gilskorningi við austurenda Húsmúlans." segir í sögu Kolviðarhóls. Mógil er breitt gil er gengur upp í Húsmúlann austanverðan. Austanmegin í því er allþykk jarðvegstorfa, blautlendi með mógrafarskorningum hér og hvar.

Mýri og talsverður rauði í. Mórinn hefur verið mjög sendinn. Mógrafirnar sjást ekki vel og hafa tæpleg verið djúpar. Sjást nú sem ójöfn börð og hvompur í mýrinni. Örnefnið Mógil er tæplega fornt, líklega jafngamalt móskurði Kolviðarhólsmanna.

Heimild: SK, 4

ÁR-721:017 túngarður 64°03.286 N 21°24.959 V
"[Guðni Þorgergsson fór að búa á Kolviðarhóli 1895.] Stækkaði [hann] túnið og afgirti stórt land undir suðurhlíð Húsmúlans." segir í sögu Kolviðarhóls. Við Draugatjörn byrjar mikill grjótgarður, hlaðinn úr hraungrýti og liggur hann vestur úr tjörninni á hraunjaðrinum um 250 m og sveigir þá í átt að Húsmúlanum og er alls 463 m vestan við tjörnina. Þá ma einnig rekja um 70 m spotta austan við tjörnina, skammt sunnan við sæluhústóftina 009 og af Herforningjaráðskorti frá 1909 (1:50000) má ráða að garðurinn hafi þar sveigt til norðurs í átt að Húsmúlanum.

Garðurinn er einföld hleðsla víðast. Hann stendur vel á köflum, allt að 6 umför, en víða eru þó komin stór skörð í hann. Á mörgum stöðum má sjá í hrauninu við garðinn hvar hleðslugrjótið hefur veirð rífið upp. SA við Draugatjörn eru nokkrar hrúgur af hleðslugrjóti sem hefur líklega verið dregið smana til að ljúka austurhlið girðingarinnar en af því hefur ekki orðið.

Hættumat: engin hætta

Heimild: SK, 5

ÁR-721:018 rétt 64°02.052 N 21°23.706 B

"Sunnan við Neðraskarð er Reykjafell, norðan í því er Dauðidalur, í honum er fjárrétt." segir í örnefnalýsingu. Réttin er norðvestan undir Hádegishnúki, austanmegin í þurru gilskorningi sem hlykkjast niður úr Dauðadal.

Réttin er hlaðin í brattri brekku neðantil í grjóthól, en neðan við réttina er dæld þar sem leysingavatn rennur. Grasi gróið er inni í re'ttinni og í kring um hana en rofmoldir eru um 30 m neðan við í dældinni og enn fjær eru mosapembur.

Einfaldar, fremur óvandaðar hleðslur byggðar ofan á náttúrulega sandsteinsdranga, og eru þær mest 6 umför. Réttin skiptist í tvö hólf sem bæði hafa op til vesturs. Réttin sést frá veginum að Kolviðarhóli.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Kolviðarhóll, 1

ÁR-721:019 *Milli hrauns og hlíðar* heimild um leið 64°02.554 N 21°19.330 V

1703; "Undir [Skarðsmýrarfjöllum] og um Hengladali síðan vestur á Hellirsskarð liggur vegur Grafningsmanna á Suðurnes, er kallast Milli hrauns og hlíðar."

"[Orustuhólshraun] er sunnan undir Stóra-Skarðsmýrarfjalli. Austur með fjallinu er vegurinn milli Hrauns og hlíðar." segir í örnefnalýsingu og í annari: "[Gata er] út frá gamla veginum ofan við Hellisskarð, austur í Fremstadal og áfram austur í Grafning. Þessi leið heitir Milli hrauns og hlíða." Vestast liggur leiðin neðst í hlíð

Skarðsmýrarfjalls en þar fellur hraunið þétt upp að hlíðinni og er slóðin í vikinu á milli. Bílaslóð er nú á sama stað og austur í Skarðsmýri en þaðan hefur leiðin legið áfram norðan við Litla-Skarðsmýrarfjall, yfir Hengladalsá og yfir mýrlendið í Fremstadal, upp Svínahlíð sem er austurhlið dalsins og þar yfir á Brúnkollubletti en þá er landi farið að halla til norðurs og þar skiljast leiðir, liggur önnur að Ölfusvatni en hin að Nesjum. Fáar vörður eru á þessari leið og hvergi samfelt.

"Þegar upp á brúnina [á Efri Völlum] kemur blasa við tvær raðir af vörðum. Önnur til norðausturs og vísar á veginn milli hrauns og hlíðar. ... Fyrst liggur hún um sléttan hraunfláka og stefnir á gígaröð, sem er utan í fjallinu, Skarðsmýrarfjalli ... Brátt tekur við, á hægri hönd, úfin hraunbrún með skvompum og skápum, sem gaman er að skoða. Bílaslóð er þarna sæmilega greið ... Þegar austur fyrir hraunið kemur er mýrarblettur, sem heitir Stóra Skarðsmýri, sæmilegur hestahagi. Af Skaðrsmýrum lá leið vestan Litla-Skarðsmýrarfjalls, með Orustuhólshrauninu niður á eyrar Hengladalaár. Þar eru greinilegar götur. Þá leið hafa "Sunnanmenn" farið í réttirnar, þegar þær voru við Orustuhól. ... Ef haldið er áfram til austurs af Skarðsmýrunum, liggur leiðin um lágan háls, norðan Litla-Skarðsmýrarfjalls. Þegar yfir hann kemur, blasir við grösugur dalur, Fremstidalur ... hestaleið liggur þvert yfir dalinn og uppá Bitruna. Þar heitir Járnkliif, nokkuð bratt. Varða er á brúninni. Síðan liggur leiðin þvert yfir Bitruna. Nokkrar vörður eru á leiðinni, sumar hlaðnar af mikilli snilli. Austur af Bitrunni tekur við djúpt gil. Þar eru víða hverir. Þegar yfir gilið kemur skiptast leiðir. Ein liggur til norðausturs um Þverárdal til Grafnings. Önnur beint áfram á vatnaskilum, norðan Reykjadals, sunnan Kyllisfells og um

Laxárdal, austur í Grafning. Einnig er hægt að fara niður í Reykjadal, vestan Ölkelduhnúks og þaðan niður í Ölfus. Hinar tvær fyrsttöldu voru þjóðleiðir úr Grafningi, en sú síðasttalda smalaleið Ölfusinga. Frá Járnklifinu lá leið til suðausturs um Bitruna, austan við ávalt fjall, sem heitir Ástaðafjall. Austan þess var góður áningarstaður í Kvíunum. Þaðan niður Krossselsstíg niður að Kaldá [Hengladalaá]. Fyrirnefnd leið austan Orustuhólshrauns lá niður með Svínahlíðinni, vestan Ástaðafjalls um Tæpastíg, meðfram ánni norðanvert og kom á sömu leið og þeir, sem fóru Bitruna. Síðan lá leiðin austan Varmár, um túnið í Reykjakoti ..." Útivist 6(1980), 82-83.

Heimildir: SSÁ, 240; Ö-Kolviðarhóll, 1; Ö-Hellisheiði, 1

ÁR-721:020 *Lákastígur* heimild leið
"Yfir Lágaskarðsveginn liggur Lákastígur." segir í einni örnefnalýsingu. Nafnið Lákastígur virðist í seinni tíð hafa færst yfir á Lágaskarðsveginn (sbr. 015). Það er líka vandséð hvert sá stígur ætti að liggja sem fer YFIR Lágaskarðsveginn, nema um sé að ræða einhverja götu sem kvíslast frá aðalveginum nyrst.

"Aðalvegurinn yfir Lagaskarð liggur, eins og áður segir, norður í Sanddalinn, upp Lákastíg og síðan sléttar götur og greiðfærar meðfram Nyrðri-Meitlinum ..." Jón Pálsson: Austantóru II, 134. Af þessu má ráða að Lákastígur sé hluti af Lágaskarðsleið, neðan (sunnan) við skarðið

Heimild: Ö-Kolviðarhóll, 2; Jón Pálsson: Austantóru II, 134.

ÁR-721:021 *Biskupslaut* örnefni áningarstaður
"Ofarlega í Kömbum er Biskupslaut. Sagt er að Hallgrímur biskup hafi áð í lautinni og í gamni nefnt lautina þessu nafni."

Heimild: Reykjanesfjallgarður, 5

ÁR-721:022 *Gljúfurseldalur* örnefni
"Suður frá [Stórkonugilsbotnum] er Sognseldalur og Gljúfurseldalur." Gljúfurseldalur er sennilega annað nafn á Hlíðardal og hefur verið sel þar frá Gljúfrum.

Heimild: Ö-Hengill, 3

ÁR-721:023 hleðsla 64°01.753 N 21°18.146 V
1703: "Fyrir austan Skarðsmýrarfjöllin er kallaður Orustuhóll og þó fyrir vestan ána, er úr Hengladöllum fram rennur. Þar undir hrauninu sjást enn í dag glögg merki til fjárréttu, er menn heyrt hafa brúkað hafi í fyrri tíð Ölves innbyggjarar og Suðurnesjamenn, þá saman og til afréttarins hvorutveggja rekið höfðu, og hafi á milli þessara óeining komið, hvar af Orustuhóll mun nafn sitt draga." segir Hálfðan Jónsson í lýsingu sinni. "Austan undir hrauninu er Orustuholl. Gömul sögn segir, að á þessum slóðum hafi verið sundurdráttarrétt. Áttu réttarmenn að hafa orðið missáttir og barist á hólnum. Engin mannvirki sjást þar nú." segir í örnefnalýsingu. Kolbeinn Guðmundsson telur sig hafa fundið þessar gömlu réttir eftir lýsingu Hálfðanar: "Réttirnar hafa verið fast við hólinn suðvestanverðan. Hefir þar verið að miklu leyti sjálfgert aðhald. Hóllinn annars vegar og hraunbrúnin hins vegar. Hvort tveggja snarbratt, svo að lítið hefir þurft að hlaða. Réttunum hefir verið skipt í tvennt. Vestari hlutinn talsvert minni. Dilkar hafa ekki verið eins og nú tíðkast í réttum. Aðaldyr snúa í austur, og hafa þær verið um 2 faðmar að vídd."

Suðvestan við Orrustuhól er alldjúp gjá með bröttum veggjum sem liggur í sveig frá austri til suðvesturs. Hún er um 15-20 m breið og alls um 70 m löng og

hækkar botninn mjög til vesturs og dregst gjáin þar saman. Austurendinn opnast út á gróið hraunið sunnan og austan við hólinn en að vestan er yngra og úfnara hraun sem gjáin er í. Þar sem gjárbotninn verður ósléttur vestantil og fer að hækka mikið hefur verið hlaðið steinum fyrir og eru þeir mjög mosagrónir. Tveir stórir steinar í botninum gætu verið komnir þangað af sjálfum sér en sunnan við þá er greinileg hleðsla, um 1,5 m löng og um 3 umför. Engin önnur mannvirki eru greinileg á þessum stað en gjáin hefur verið mjög gott aðhald af náttúrunnar hendi og hefur þó þurft að hlaða fyrir austurendann en þar sjást engar hleðslur. Gjáin er gróin í botnin en hrunið hefur ofan í hana, nú síðast allmikið bjarg í jarðskjálfta í júní 1998.

Norðan við Orrustuhólinn er önnur gjá, styttri og grynri sem einnig hefði mátt nota sem aðhald, en þar er grashvammur norðan við, en lítið beitiland er sunnan við hólinn þó hraunið þar næst honum sé sléttara og grónara en yngra hraunið sem fjær er.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSA, 240; Reykjanesfjallgarður, 4; GR II, 310.

ÁR-721:024 *Hellukofi* sæluhús 64°01.789 N 21°20.664 V

FRIÐLÝSTAR MINJAR. "Á stórrí klöpp vestarlega á heiðinni var stór varða sem hét Biskupsvarða. Nálægt 1830 var byggður borghlaðinn kofi, um 2 m í þvermál að innan á sömu klöppinni. Hann stendur ennþá og er nefndur Hellukofi, enda byggður úr hraunhellum eingöngu, veggir og þak." segir í örnefnalýsingu. Kofinn er um 70 m norður af hinni vörðuðu Helligheiðarleið, um 1,3 km vestan við neyðarskýli LHS við Þjóðveg 1. Kofinn stendur framarlega á klapparbrún og er hann sjálfur á upphækkun á klöppinni. Kofinn sést allsstaðar af heiðinni. Í kringum hann sést hvar hleðslugrjót hefur verið rífið upp.

Friðlýst 13.5.1971. "var byggður um 1830. Það gerði Þórður Erlendsson [1797-1872], þá bóndi á Völlum, síðar Tannastöðum. Biskupsvarða var stór og hlaðin í kross með 4 arma, þá var skjól í kverkunum. Hún var mjög gömul og hrúin í rúst. Hún stóð á klöpp hægra megin við veginn, þegar suður var farið (til Faxaflóa). Kofinn var byggður úr sama grjóttinu, og að öllum líkindum á sömu klöppinni. Heimild fyrir þessu er Skúli Helgason, eftir Kolbeini Guðmundssyni bónda á Úlfjótavatni, en hann hafði það eftir gömlum mönnum og langmínnugum." Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976 (hdr). "Á þeim stað sem hétu Syðri-Þrívörður var laust eftir 1820 byggður sæluhúskofi, borghlaðinn úr grjóti og þéttur með mosa. Kofi sá stendur enn óhaggaður eftir rúm 150 ár. Lítið skjól er þar nú því að þétting öll er fokin í burtu." SB III, 282. Kofinn er ferhyrndur að innan, 2x2 m og 1,85 m undir þak, um 20 umför af 7-15 sm þykkum hraunhellum. Suðausturhorn þaksins er aðeins farið að síga inn en annars standa hleðslurnar mjög vel. Dyr eru á norðurhlið, austantil. Veggir eru um 0,8 m þykkir við dýraop, þar er þröskuldur, 2 umför af hraunhellum. Talsverður mosi og skófir eru á kofanum. Inni í kofanum er hart moldargólf, að mestu slétt. Ekkert friðlýsingarmerki er á staðnum. Um byggingarár kofans er flest á huldu annað en að hann mun byggður eftir 1824 er Þórður Erlendsson fór að búa á Völlum og fyrir 1844 er nýtt sæluhús var byggt á Kolviðarhóli og mun kofinn hafa verið reistur á því tímabili sem ekkert sæluhús var við lýði vestan við heiðina. Þórður flutti búferlum að Tannastöðum 1836 en ekki er víst hvort af því megi ráða að hann hafi hlaðið kofann fyrir þann tíma.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

Heimildir: Ö-Helligheið,1; Skrá um friðlýstar fornleifar, 77; Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976 (hdr); SB III, 282; Íslenzkir sagnaþættir XI, 113-129.

ÁR-721:025 *Hveradalaföt* áningarstaður 64°01.074 N 21°23.707 V
"Í litlum hvammi rétt ofan við Skíðaskálann eru Hverar þeir sem dalirnir eru við kenndir. Móts við þá er allstór grasflöt sem nær að Lakahnúkum. Hún heitir Hveradalaföt. Þar áðu ferðamenn hestum sínum áður en þeir lögðu á Hellisheiði, og er þeir komu af heiðinni." segir í örnefnalýsingu. Þjóðvegur 1 liggur þvert yfir Hveradalaföt, sem er slétt grasflöt sem nær frá skíðaskálanum í Hveradölum norðan við veginn og að hnúkunum sunnan við hann. Flötin er allt að 500 m löng frá norðri til suðurs en innan við 200 m á breidd.

Slétt grasflöt milli hálfgróinna hlíða heiðarinnar að austan og hrauntagla að vestan. Mosi í grasrótinni og grasið ekki þétt. Fyrir utan þjóðveginn hafa hús verið byggð á flötinni, fyrir utan skíðaskálann og mannvirki í kringum hann, eru sunnan við veginn skátaskáli og allstór braggi og aðkeyrslur að þessum byggingum. Allt að fjórðungur flatarinn er því horfin undir mannvirki. Á Hveradalaföt hefur sennilega ekki verið reglulegur áningarstaður fyrr en þjóðvegurinn var lagður sunnan við Reykjafell yfir flötina 1894. Fyrir þann tíma hafa varla margir átt þar leið um nema þá helst þeir sem fóru Lágaskarðsveg.

Heimild: Ö-Hellisheiði,2

ÁR-721:026 heimild um leið

1703: "Vestur af Hellirsheiði liggur almenningsvegurinn ofan Hellirsskarð, vestur yfir Hvannavelli, um endilangt Svínahraun og á Bolavelli, þaðan fyrir sunnan Lyklafell og vestan til í Fóelluvötnum, síðan með þeirri á, er úr vötnunum rennur, allt á Fossvelli og að Tröllbörnum etc. etc." "Þá var og önnur leið norðar, frá Húsmúla, vestan Kolviðarhóls, norðan Svínahrauns, að Lyklafelli, norðan Geitháls, sunnan Miðdals að Gröf og síðan yfir Elliðaár neðan Árbæjar." - "Alfaravegurinn gamli: Kolviðarhóll-Reykjavík. Frá Kolviðarhóli, yfir Bolavelli að Húsmúla (sæluhúsi). Frá Húsmúla, yfir Norður-Velli að Bolöldum ofan Sandskeiðs. Frá Bolöldum, yfir Svínahraunstögl norðarlega, norðan Lyklafells. Frá Lyklafelli, fyrir sunnan Klakk, þá um Klettabelti að Vörðuhólum [...]."

"Í kjölfar [vegalaga frá 15.10.1875] var vegur lagður um Svínahraun á árunum 1877 og 1878 undir verkstjórn Eiríks Ásmundssonar frá Grjótá [!]. Í reglugerð um veginn var sagt, að hann skyldi vera 10 feta breiður (3,13 m), upphlaðinn og púkkaður með grjóti; var það til þess að lestir gætu mætt á veginum. Vgurinn þótt, er fram liðu stundir, harður og ósléttur, enda erfitt að fá ofaníburð í hann. ... Að undirstöðu til er þessi vegur Eiríks í Svínahrauni (suðvestur af Kolviðarhóli) sá sami og var þjóðvegur allt fram á áratuginn 1960-70." Magnús Grímsson: Um vegagerð og hestvagnaferðir, 88. Vörður sjást í hrauninu vestan við Draugatjörn og hefur vegurinn fylgt hraunbrúninni. Götupaldrar sjást á Hvannavöllum (undir rafmagnslínum) um miðja vegu milli Draugatjarnar og Kolviðarhóls.

Heimildir: SSÁ, 239; Áningarstaðir á lestamannaleiðum, 148; Magnús Grímsson: Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi, Landnám Ingólfs 2 (1985), 88

ÁR-721:027 heimild um rétt 64°05.499 N 21°20.668 V

1703: "Ei alllangt frá Engidal eru almennar nautaréttir Ölvesinga og Kjalarnesþingsmanna, er árlega haldast þann þriðja dag októbris mánaðar, ef ei er helgur, annars næsta dag fyrir. Þessi fjallgarður brúkast almennilega fyrir nauta og hrossa afrétt. Skammt fyrir sunnan réttirnar við Engidalsá standa tveir klettar, sinn

hvoru megin árinna, og nefnist bilið milli þeirra Þjófahlaup." "Nauta- og sauðaafréttur liggur vestan og norðan Hellirsheiði, sameiginlegur við Grafningmenn. [...] nautaréttir [eru haldnar] þriðjudaginn í 23. viku sumars í Mårardal undir Hengli." Réttirnar lögðust niður laust fyrir 1860. Engin eiginleg rétt er í Mårardal en hlaðið er fyrir uppgönguleiðir. Dalurinn sjálfur er þverhniptur og er því rétt frá náttúrunnar hendi. Af lýsingu Hálfðanar er helst að sjá að réttin hafi verið við Engidalsá, og þar með ekki í Mårardal heldur fyrir sunnan hann, hugsanlega á milli Mårardals og Engidals en þar eru víða klettur við ána.

Heimildir: SSÁ, 239; SSÁ, 203; GR II, 306

ÁR-721:028 *Búasteinn* sögustaður 64°02.332 N 21°23.087 V
1703: "Upp í hnúknun fyrir norðan fyrrnefnt Hellirsskarð er sá stóri steinn einstakur, er Búasteinn kallast, við hvörn stein varðist Búi Esjufóstri, sem saga hans til vísar." "Um það bil í miðri heiðarbrekkunni til vinstri, nokkuð hundruð fet uppi er stór teningslaga steinn; þetta er Búasteinn. Er hann settur í samband við frásögn Kjalnesinga sögu (38 o.áfr.), þar sem Búi, þegar hann kom niður og Öxnaskarði og sá fyrirsát Kolfins, reið að stórum steini, sem stóð undir skarðinu, "svo mikill sem hamar, mátti þá framan at eins at honum ganga", og varði sig þar."

Búasteinn er um 300 m NA af 001 uppi í hlíðinni norðan við Hellisskarð. Stór þverhniptur sandsteinsklettur og er aðeins gengt upp á hann að ofan (austan). Talsvert rof er í kringum steininn af vatnsflaumi en einnig af mannaferð.

Heimildir: SSÁ, 239; Kjalnesinga saga, 80-82; KK, 47

ÁR-721:029 *Sleggjubeinsdalir* áningarstaður 64°02.609 N 21°23.237 V
1703: "Fyrir sunnan Húsmúlan, er liggur í útsuður undan Hengilsfjallinu, en fyrir norðan Hellirsskarð, liggja Sleggjubeinsdalir. Þar er náttstaður vesturleitarmanna úr Ölvesi, þá afréttinn á haustin leita." Ekki er vitað hvar nákvæmleg náttstaður leitarmanna var í dölunum en líklegt verður að telja að það hafi verið á sléttum grundum norðan við Kolviðarhól nálægt læknum sem rennur eftir þeim miðjum.

Dalirnir eru tveir brattir gilskorningar og eru nú skíðasvæði en fyrir neðan þá eru sléttar grasi vaxnar grundir, þýfðir móar nema þar sem tún voru sléttuð meðan búíð var á Kolviðarhóli. Malarnám er innst á grundunum milli dalskorninga.

Heimild: SSÁ, 239

ÁR-721:030 *Húsmúlarétt* rétt 64°03.057 N 21°24.880 V
Grjóthlaðin rétt er sunnan við Draugatjörn, um 60 m frá tjörninni en um 200 m SV af sæluhústöftinni 009.

Réttin er hlaðin undir um 3 m háum helluhraunshól og eru helluhraunsklappir í gólfi hennar. Hleðslur standa allt að 6 umför, veggir eru um 1,5 m þykkir. Tréstaugar standa enn hér og þar og eru varla margir áratugir síðan hætt var að nota þessa rétt, en nýrri rétt er um 400 m austur úti á völlum.

Hættumat: engin hætta

ÁR-721:031 heimild um rétt 64°01.820 N 21°16.920 V
"Eftir bardagann í Orustuhólsréttum áttu Ölfusingar og Mosfellssveitarmenn að hafa skilið félag sitt um fjallleitir, og fluttu þá Ölfusingar réttir sínar austur á heiðina, austur fyrir Hengladalaá. [Árið 1878 var fé rekið inn í Hengladali] Var riðið fram Smjörþýfi og fram með Hengladalaánni, og sýndi þá gamall maður, er í förinni var, okkur yngri rekstarmönnum þessar réttir. Sást þá vel fyrir þeim, bæði almenning og

dilkum, þótt djúp skörð væru hrunin í vegg. Sumir dilkanna voru allstórir, gerði ekkert, almenningsdyr sneru á Hengil. Sennilega hefir Ölfusingum þótt afundið að hafa lögréttir sínar uppi á fjalli, og voru því réttirnar færðar undir Ingólfsfjall að Hvammi þegar fyrir 1700." Réttin fannst ekki og gæti verið farin í ána sem brýtur mikið af bökkunum. Smjörþýfi er um 1,5x0,5 km stór þúfnamói, mjög grösugur og greinilega gott beitiland. Suðaustan við tekur við lyngmói.

Af lýsingunni að dæma hefur réttin átt að vera norðan til á Smjörþýfi nálægt ánni og reiðgötunum sem liggja nálægt henni inn í Hengladali og eru mjög skýrar. Farvegur eftir leysingavatn er einnig undir brekkurótunum austanmegin norðantil á Smjörþýfi og gæti þar hafa verið réttarstæði sem síðan hefur horfið.

Heimild: GR II, 302

ÁR-721:032 *Brúnkollublettur nyrðri* áningarstaður 64°03.116 N 21°15.070 V "Vestur Ölkelduháls liggja hreppamörki milli Ölfushrepps og Grafnings. Þar er Brúnkollublettur nyrðri á mörkum hreppanna, áningarstaður ferðamanna, sem fóru leiðina milli Hrauns og hlíða." segir í örnefnalýsingu. Brúnkollublettur er allstór (um 200x200 m) þýfður grasblettur með grónum götupöldrum sem liggja SV-NA, fast norðan við vatnaskilin þar sem hálsinn er lægstur og breiðastur, sunnan undir lágum melhól með grösugum suðurhlíðum. Um 100 m austan við nýjan línuveg sem liggur yfir hálsinn. Nafnið gæti einnig hafa náð yfir grasteyginga í austurhlíðum Hengilsins, um 400 m vestan við þennan móa og er nafnið oftast merkt þar á kortum.

Heimild: Ö-Ölfusvatn-a, 4

ÁR-721:033 hellir náttstaður 64°05.577 N 21°20.431 V "Nokkrir hellar eru hingað og þangað í berginu umhverfis [Marar-] dalinn. Allir eru þeir nokkuð hátt uppi í hömrnunum. Enginn þeirra er stór, en í flestum þeirra sjást einhver mannaverk: hleðslur, ártöl, fangamörk o.þ.h. Einn þessara hella er skammt frá götunni, sem liggur inn dalinn. Hann var notaður fyrir skýli handa réttamönnum. Fyrir framan hann hefir verið hlaðinn garður til skjóls. En líklega hefir hleðslan aldrei náð fast upp að berginu, enda hefir þess ekki þurft, því að þótt auðvelt sé fyrir menn að komast upp í hann, þá er hann svo hátt uppi, að nautin hafa ekki gert mönnum þar ónæði." Hellir þessi er austanmegin í Marardal, um 200 m norðan við 038 og um 30 m frá hinni merktu gönguleið, um 3 m upp í hlíðinni.

Grasi gróin brekka upp í skútann og er þar troðinn sneiðingur. Hleðslan er gróin en hellisgólfið er bert. Skútinn sjálfur er um 12 m langur og 3 m djúpur þar sem mest er en hleðslan er 6 m löng og er fyrir norðurhlutanum.

Hættumat: engin hætta

Heimild: GR II, 306

ÁR-721:034 túngarður 64°02.451 N 21°23.680 V Garður hlaðinn úr hraungrýti liggur í breiðum sveig frá SSV til NNA, norðvestan við Kolviðarhól, um 70 m vestan við veginn inn í Sleggjubeinsdali, vestan við 035 og 036. Á grasigrónum mel, en vestan við er votlendisræma. Garðurinn er alls 251 m á lengd en 13 m breitt skarð er í hann miðjan og eru 109 m norðan við og 129 m sunnan. Norðan við skarðið er grjóthlaðin ferhyrnd tóft, 5x5 m að utanmáli sambyggð við garðinn vestanmegin, bárujárn og rusl í. Votlendið vestan við garðinn hefur sennilega verið engi Kolviðarhólsbænda og má ætla að garðurinn hafi verið hlaðinn til að verja það en verkinu aldrei verið lokið, eða þá að kominn hafi verið gaddavírsöld og að afgangurinn af svæðinu hafi verið girtur með vír. Norðan við vikið er garðurinn lágur, alveg hruninn á köflum, mest umför, en sunnan við er hann

heillegri og stendur þar allt að 1,6 m hár eða 7 umför. Garðurinn beygir heldur til austurs norðan við vikið.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

ÁR-721:035 útihústóft 64°02.466 N 21°23.469 V
200 m norðvestan við Kolviðarhól, um 30 m vestan við veginn inn í Sleggjubeinsdali er stór grjóthlaðin tóft. Á flötum grundum, grasi gróinn melur.

Veggirnir eru grjóthlaðnir í gegn, mest 7 umför en mold eða torfi hefur verið hrúgað utan með að neðan og nær mest um 0,7 m upp á grjóthleðsluna. Torfleifar eru einnig ofan á syðri langveggnum. Bárujárnsleifar og fúnir húsaviðir eru inni í tóftinni en þó er sáralítið eftir af þekjunni. Í gólfinu sér í steypu sem líklega er leifar af garða. Dyr á báðum göflum. Örugglega fjárhús.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

ÁR-721:036 útihústóft 64°02.470 N 21°23.549 V
20 m sunnan við 035 og 30 m vestan við veginn inn í Sleggjubeinsdali og 175 m norðvestan við Kolviðarhól er grjóthlaðin útihústóft. Á flötum grundum, grasi gróinn melur.

Veggir eru grjóthlaðnir í gegn. Inni í tóftinni er steypur kassi, um 2,5x2 m að innanmáli sem hefur verið steypur innan á grjóthleðsluna. Bárujárnsleifar og spýtnabrák er inni í tóftinni. Um 150 m austan við þessa tóft er önnur örsmá grjóthlaðin tóft, 4x3 m að utanmáli og er steypur innan á veggina þannig að myndast lítið hólf, 2x1 m með dyr í austur.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

ÁR-721:037 vörslugarður 64°05.366 N 21°20.921 V
Í suðurenda Marardals, um 300 m sunnan við gönguleiðina, er hleðsla þar sem sléttur dalbotninn endar og við tekur stórgrýttur skorningur þar sem leysingavatn rennur.

Fyrir botni dals sem er girtur þverhniptum hömrum á alla vegu og er þetta ein af þremur mögulegum uppgöngum úr dalnum. Grjóti hefur verið hlaðið í skorninga og bil á um 40 m kafla, en hleðslurnar eru ekki samfelldar né heldur beinar. Mest 3-4 umför í dýpstu skorningunum í miðjunni en út til hliðanna, einkum vestanmegin, hfuur grjótinu verið raðað á brekkubrúnina til að mynda kant sem nautgripir kæmust ekki yfir en ekki er þetta sauðhelt.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

ÁR-721:038 vörslugarður 64°05.468 N 21°20.635 V
Aðeins ein verulega greiðfær leið er upp úr Marardal og er hún austanmegin fyrir miðjum dalnum. Merkt gönguleið liggur þar um nú. Grjótgarður hefur verið hlaðinn fyrir vikið, Marardalsmegin við skarðið. Breitt skarð, gróið í botninn að neðan en bert efst og í hlíðum. Opnast inn í aflangan dal, rennisléttan í botninn.

Einföld hleðsla, mest 5 umför og hefur sennilega aldrei verið há, mjög hlykkjótt.

Hættumat: engin hætta

ÁR-721:039 áletrun 64°05.509 N 21°20.812 V
"Nokkrir hellar eru hingað og þangað í berginu umhverfis [Marar-] dalinn. Allir eru þeir nokkuð hátt uppi í hömrunum. Enginn þeirra er stór, en í flestum þeirra sjást einhver mannaverk: hleðslur, ártöl, fangamörk o.þ.h." Hellir er í vesturhlíð Marardals, fyrir miðjum dalnum, gegnt uppgangi úr honum (038) og eru áletranir í

honum en ekki fundust áletranir í öðrum hellum eða skútum í dalnum.

Hellirinn er um 6 m uppi í berginu og er tiltölulega auðvelt að komast upp í hann. Hellisgólfið er silla, 1,5-2 breið og um 7 m löng. Áletranirnar eru á hellisveggnum ofan við silluna, sunnantil í hellinum en ekki norðan. Elsta ártalið sem greint verður með vissu er 1917 en steinninn þarna er mjúkur og veðrast fljótt.

Hættumat: engin hætta

Heimild: GR II, 306

ÁR-721:040 hellir fjárskýli 64°05.695 N 21°20.489 V
Í vesturhlíð Marardals, norðarlega eða norðan við hornið þar sem dalbotninn sveigir til norðausturs, er hellisskúti um 4 m upp í hlíðinni. Ekki er bratt upp í skútann og mestu gróið.

Skútin er um 4x1,5 m að innan, mest um 1 m hár og hefur 3 steinum verið raðað fyrir munnann, og nokkrir steinar hafa auk þess settir til að fylla upp í gjótu sem gengur upp úr hellisendanum til norðurs. Þarna geta 3-4 menn sofið en sauðatað á hellisgólfinu er til vitnis um að sauðfé hefur einnig leitað sér skjóls þar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-721:041 vörslugarður 64°05.686 N 21°20.184 V
Hleðslustúfur er efst í skarðinu þar sem gönguleiðin liggur upp úr Marardal að norðan. Efst í brattri klapparbrekku, nær gróðurlausri og er ósennilegt að nautgripir geti komist svo hátt í brekkuna. Greinilegar hlesluleifar í tvennu lagi á nakinni klöpp.

Hættumat: hætta vegna rofs

ÁR-721:042 tóft 64°01.244 N 21°23.814 V
Um 100 m austan við skíðaskálann í Hveradölum, austan við dálítið hvarf sem ber á milli, er tóft neðst í fjallshlíðinni, um 30 m norðan við veginn sem er aftur 40 m norðan við þjóðveg 1.

Neðst í grasi gróinni brekku, hverasvæði 20 m sunnan og vestan við en sléttar Hveradalaflatirnar breiða úr sér til suðurs. Tóftin virðist að mestu úr torfi en er þó sennilega ekki gömul bygging. Snúinn járnvír (1,5 sm í þvm) stendur útúr veggjarenda. Gæti verið í sambandi við skíðaiðkun eða hverina.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

ÁR-721:043 *Biskupsvarða* heimild um samgöngubót 64°01.789 N 21°20.664 V
1703: "Fyrir austan ... Bæjarþorpsjarðir, en vestan Varmá, liggur almenningavegur yfir fjallgarðinn á Suðurnes og í Kjalarnesþing, fyrst upp á Kamba ..., síðan vestur yfir Hellirsheiði, ... allt þar til Þrívörður heita og heiðin sjálf meinast mið vera, en hennar vestri partur er víða með sléttum hellum af hraungrjóti, án gatna, nema þær hestanna járn hafa gjört og auðsjáanlegt er, þeim athuga. Þessar sléttu hellur ná allt vestur að Biskupsvörðu."

"Biskupsvarða var stór og hlaðin í kross með 4 arma, þá var skjól í kverkunum. Hún var mjög gömul og hrunin í rúst. Hún stóð á klöpp hægra megin við veginn, þegar suður var farið (til Faxaflóa). [Hellukofinn 024] var byggður úr sama grjótinu, og að öllum líkindum á sömu klöppinni. Heimild fyrir þessu er Skúli Helgason, eftir Kolbeini Guðmundssyni bónda á Úlfljótsvatni, en hann hafði það eftir gömlum mönnum og langmínnugum." Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976 (hdr).

Heimildir: SSÁ, 238; Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976 (hdr).

ÁR-721:044 *Orrustuhóll* sögustaður 64°01.800 N 21°18.116 V
Orrustuhóll er við suðurenda Litla Skarðsmýrarfjalls, um 300 m vestan við Hengladalsá og er breiður hvammur norðaustan við hólinn og er þar dálítið graslendi í hlíðum en annars er hraun allt í kring. Hóllinn sést vel víða af heiðinni. Hálfán Jónsson greinir frá sögn um uppruna nafnsins í lýsingu Ölfushrepps frá 1703: "Fyrir austan Skarðsmýrarfjöllin er kallaður Orrustuhóll og þó fyrir vestan ána, er úr Hengladölum fram rennur. Þar undir hrauninu sjást enn í dag glögg merki til fjárrétta, er menn heyrt hafa brúkað hafi í fyrri tíð Ölves innbyggjarar og Suðurnesjamenn, þá saman og til afréttarins hvorutveggja rekið höfðu, og hafi á milli þessara óeining komið, hvar af Örustuhóll mun nafn sitt draga." Um meintar réttarleifar suðvestan undir hólnum sjá 023

Heimild: SSÁ, 240

ÁR-721:045 *Prívörður vestari* heimild um samgöngubót 64°01.395 N 21°19.066 V
Prívörður vestari eða nyrðri heita þar sem neyðarskýli LHS við Þjóðveg 1 er nú.

ÁR-721:046 *Prívörður eystri* heimild um samgöngubót 64°01.789 N 21°20.664 V
1703: "Fyrir austan ... Bæjarþorpsjarðir, en vestan Varmá, liggur almenningsvegur yfir fjallgarðinn á Suðurnes og í Kjalarnesþing, fyrst upp á Kamba ..., síðan vestur yfir Hellirsheiði, hvör að austanverðu hefur mikla mosa, með mjög litlu grasi, allt þar til Prívörður heita og heiðin sjálf meinast mið vera."

"Eystri Prívörður. Prívörður voru "kílómetrasteinar" á leiðunum." Á þeim stað sem hétu Syðri-Prívörður var laust eftir 1820 byggður sæluhúskofi, borgghlaðinn úr grjóti og þéttur með mosa." SB III, 282.

Aðrar Prívörður eystri voru við gamla vegin í Kömbunum - Örnefnaskrá Núpa, Þórður Ö. Jóhannsson skráði 1968, Örnefnastofnun.

Heimildir: SSÁ, 238; Þórður Ö. Jóhannsson: Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi, 12.4.1976 (hdr); SB III, 282.

ÁR-721:047 *Folaldavarða*

Folaldavarða er í Lakadal, 200-300 m austan við Lágaskarðsleið.

Heimild: Kort Ingólfs Einarssonar 1969.

ÁR-721:048 Þjóðsaga

"Það var fyrir löngu síðan, að maður einn úr austursýslunum, ... lagði af stað að heiman og ætlaði til sjóróðra suður með Faxaflóa. ... Þetta var um vetur, sennilega í febrúar. Var maðurinn fótgangandi og einn á ferð. Segir eigi af ferðum hans, fyrr en hann kemur á Hellisheiði. Var það að hallandi degi. Veður var kalt og fjúkandi, svo að hann treystist naumlega til að rata rétta leið og allt af gerðist hriíðn svartari, eftir því sem lengra leið á daginn. Var þá eigi akvegur kominn yfir heiðina og vörður meðfram veginum mjög af skornum skammti.

Loks tekur maðurinn þá ákvörðun að leita sér skjóls þar á heiðinni og helzt með því að grafa sig í fönn, áður en hann færi mikið afvæga. Fer hann nú að skygnast um eftir stað, er nota megí í þessu augnamiði, og eftir nokkra leit finnur hann sér fylgsni nokkurt eða skúta og borar sér þar inn. Þá er hann hefir skriðið skammt, finnur hann, að fylgsninu hallar niður á við, og því lengra sem hann kemst, verður ætíð ljósara fyrir augum hans, og getur hann vel greint það, er fyrir augun bar. Loks kemur hann þar niður á flatlendi, grasi gróið. Var þar fagurt um að litast og hlýtt og bjart, eins og sumar væri. Gengur hann þar um völlu víða og fagra og kemur

að vatni einu eða tjörn. Þar á bökkum vatnsins kemur hann auga á stóra lóuhópa, er lágu þar dauðar eða sofandi, og hafði hver þeirra grænt blað í nefinu. Þegar hann hefir virt þetta allt fyrir sér, sezt hann niður og tekur sér hvíld eftir gönguna. Tekur hann síðan nestismal sinn og matast, sem honum líkaði, og að því búnu fær hann sér vænan svaladrykk úr tjörninni. Býst hann nú um þar á hentugum stað að taka á sig náðir. Leggst hann nú fyrir til svefnis og hagræðir sér eftir föngum og bagaði eigi kuldi. Sofnaði hann þegar og svaf vært um nóttina, og var líðan hans svo góð sem vænta mátti. Næsta morgun vaknar hann hress og glaður eftir næturhvíldina. Fær hann sér nú morgunverð, áður gangan sé hafin, og á eftir góðan svaladrykk úr tjörninni. Lágu lóurnar kyrrar eins og kvöldið áður. Þegar þessu er lokið og hann er ferðbúinn, fer hann að leita upp á yfirborð jarðarinnar. Er eigi annars getið en að honum hafi gengið griðlega útgangan. En þegar út var komið, var hríðinni af lett og komið viðunanlegt veður. Er hann nú glaður yfir því, að svo vel greiddist úr með náttstað kvöldið áður, svo illa sem á horfðist. Setur hann nú nákvæmlega á sig ýmis kennimerki, svo að honum mætti takast að finna staðinn, þegar vora taki og hann haldi heimleiðis að líðinni vertíðinni. Þegar hann þykist hafa fest þetta í minni sér svo glögglega, að eigi geti skeikað, leggur hann af stað og heldur ferðinni áfram, eins og leið liggur, og ber nú ekkert sögulegt við. Komst hann þangað, er hann hafði ætlað að róa um vertíðina, og gekk það allt skaplega. ... Leið nú vertíðina til enda, og að henni lokinni býst hann að halda heimleiðis, ... þegar hann kemur á Hellisheiði, ætlar hann að koma við í hinum einkennilega stað, þar sem hann hafði náttstað haft veturinn áður. Gætir hann nú nákvæmlega að merkjum þeim, er hann hafði sett sér að muna. En hvernig sem hann leitaði og gekk aftur og fram, var honum ómögulegt að finna staðinn, og var sem einhver hula legðist þar yfir. Vera má, að þessi maður hafi ferðazt þessa leið oftar, en staðinn fann hann aldrei síðan, og er því líkast, að hann hafi verið numinn í einhverja huliðsheima, þegar honum lá mest á og tvísýnt var, hvort hann fengi lífi haldið næturlangt sakir illviðris og kulda." Frásögn Sigurðar Árnasonar.

Heimild: Íslenskir sagnapættir XII, 9-12.

ÁR-721:049

þjóðsaga

útilegumannabústaður

Margrét útilegumaður hafðist við í Nesjalaugum eða Ölfusvatnslaugum, en síðan í ýmsum stöðum nálægt þjóðveginum á Hellisheiði (sbr. 050) og stal þar af ferðamönnum. Af lýsingunni hér að neðan að dæma hafa þetta verið laugar á Ölkelduhálsi fremur en laugar nær byggð.

"Þegar Margrét hafði verið í Hagavíkurlauni um nokkurt skeið, tók hún það ráð að færa sig nokkuð um set. Flutti hún sig þá vestur í Hengil og settist að í Nesjalaugum eða Ölfusvatnslaugum. Tók hún sér til framfærslu það, sem hún mátti hönd á festa, og sauð mat sinn við hveru að dæmi Fjalla-Eyvindar. Var hún í laugunum, það sem eftir var sumars og allt fram að hausti, og gerðist mjög illa þokkuð af Grafningismönnum. Bundust þeir þá samtökum að veita henni heimsókn og taka hana höndum og hafa allt í sömu ferð og fyrstu fjallgöngu um haustið. En Margrét var sem margir aðrir, að hún átti vini með óvinum, og hafði einhver kunningi hennar gert hana vara við, hvað bændur ætluðust fyrir. Þeir fóru nú til fjalls og smöluðu fé sínu, en hversu vanlega sem þeir leituðu, þá urðu þeir hvergi varir við Margréti. Töldu menn hana því á burtu farna, og var því máli þá ekki frekari gaumur gefinn. En það er af Margréti að segja, að hún hafði hlaupið á burt úr laugunum litlu fyrir fjallleitina. Hélt hún þá austur yfir Ölfusá og fór heim til foreldra sinna [í Flóa]. Sat hún þá heima um veturinn, og er ekki annars getið en hún væri þá hin spakasta í héraði."

ÁR-721:050

þjóðsaga

útilegumannabústaður

Margrét útilegumaður hafðist við í Nesjalaugum eða Ölfusvatnslaugum (sbr. 049), en síðan í ýmsum stöðum nálægt þjóðveginum á Hellisheiði og stal þar af ferðamönnum.

"Þegar nokkuð var liðið fram á næsta vor, tók Margrét að gá til veðurs og líta í kringum sig á nýjan leik. Hljóp hún loks aftur að heiman og hélt þá enn í vesturátt. ... Hún lagði nú leið sína vestur yfir Ölfus og vestur á Hellisheiði og hafðist þar við í ýmsum stöðum nálægt þjóðveginum á suðurferðaleið manna. Var hún þar á slangri um sumarið, og stóð mörgum ógn af henni. Oft greip hún plögg ferðamanna, er þeir voru í tjaldstöðum, einkum þegar þoka var og dimmviðri, og svo gerðist Margrét stórtæk um aflu, að hún kippti skreiðarböggum á bak sér og hljóp í burtu með. Tóku menn þá að ferðast margir saman í hóp, og hafði Margrét sig þá minna í frammi. En bæri svo við, að menn færu einir síns liðs eða svo fáir saman, að hún treysti sér til við þá, máttu þeir eiga vísa von á fundi hennar, og hlaut hún þá alla jafnan að ráð sköpum og skiptum þeirra í milli. ... [Guðmundur Bjarnason á Gljúfri í Ölfusi fór í grasferð þetta sumar og unglingspiltur með honum] Fara þeir sem leið liggur og ætla í Hverahlíð. En er þeir koma upp á Kambabrunn eða í Hurðarásvötn, fór veður að þykkna og gerði kalsa slyddu, svo að háfjöll urðu gráhvít ... héldu þeir ... áfram ferðinni og allt suður fyrir Reykjafell. Gerir þá sólskin og lokgn og hið bezta veður. Halda þeir nú áfram, unz þeir koma niður í Svínahraun, en þangað var förrinni heitið. Finna þeir þar nægtir fjallagrasa um daginn, svo að fullar klyfjar voru á reiðingshestinum og þó nokkuð um fram, er þeir bundu við söðla sína. Var þá nálægt miðjum aftni, er þeir höfðu lokið við að búa upp á hesta sína og bjuggust til heimferðar.

Er þeir Guðmundur og fylgdarmaður hans voru ferðbúnir, vildu þeir taka sér matarbita, áður en þeir legðu af stað, því að ekki höfðu þeir gefið sér tíma til þess fyrr um daginn. Fór Guðmundur og náði í malpoka þeirra og bjóst til að setja sig niður, meðan hann mataðist, og hélt á malnum í hendinni. Veit hann þá ekki fyrr til en þrifið er í malnum heldur sterklega. Guðmundur víkst við skjótt og sér, að þar er þá komin Margrét sú hin nafnkunna og vill kippa af honum malnum. En hann lá ekki á lausu, því að Guðmundur var vel fær að afli. Sviptast þau nú um stund og hnykkja malnum á víxl, svo að hvorugt vinnur neitt á. Gekk á þessu um hríð, en ekki er getið orða þeirra. Loksins sleppti Guðmundur malnum og réðst á Margréti. Hún sleppti þá líka og tók á móti, og það ekki með mjúkum meyarhöndum. Áttust þau við um stund, og sparði hvorugt af, unz Guðmundi vili það til, að hann steytti fót sinn við steini. Hrasaði hann áfram og fell við, en Margrét á hann ofan. Guðmundur brauzt þá um, sem hann mátti, en svo var Margrét sterk, að hann gat með engu móti velt henni af sér, og fékk hún jafnharðan hlaðið honum. Loks tók Guðmundur að mæðast og sá nú sitt óvænna. Hét hann þá á fylgdarmenn sinn að veita sér lið. En pilturinn var svo hræddur, að hann þorði hvergi nærri að koma. Leizt honum eigi ráðlegt að hlutast til leiks þeirra, þar sem húsbóndi hans, tveggja manna makinn, lá undir, en Margrét, fjallaflagðið, gein yfir honum, svo grimmileg sem hún var. Duldist piltinum það eigi, að svo ólíklega hafði farið, að Guðmundur hafði beðið lægra hlut í viðskiptum þeirra Margrétar, þótt mikilmenni væri og harðfengur í meira lagi.

Guðmundur þóttist nú illa kominn, en vildi þó ógjarna griða biðja. Varð hér skjót úrræði að hafa, því að Margrét gerði sig líklega til að sýna honum í tvo heimana. Verður það þá fangaráð Guðmundar, að hann dregur hana af sér og bítur á háls henni fyrir neðan hökuna, allt það er tennur tóku. Vildi hún þá sem skjótast losna úr slíkum faðmlögum, en þess var enginn kostur. Lagði Guðmundur fast að

hálsi hennar, og eigi létti hann fyrr en hann hafði bitið í sundur á henni barkann, og varð það hennar bani. Eftir það velti hann Margréti af sér og staulaðist á fætur, dasaður mjög eftir allar þessar aðfarir, en þó óskemmdur að mestu. Þeir félagar drógu síðan Margréti burt þaðan og huldu hræ hennar í hraunskúta nokkrum eða klettagjögru og báru á það grjót og mosa. Eftir það fóru þeir til hesta sinna og stigu á bak og héldu heimleiðis. Guðmundur bauð nú fylgdarmanni sínum mestan varnað á því að segja nokkrum frá atburði þeim, er gerðist í ferð þeirra, því það gæti kostað líf þeirra beggja, ef uppvíst yrði. Hét hann þagmælsku sinni fullkominni ...

Ferðamenn hættu nú alveg að verða varir við Margréti, eins og við var að búast, og var talið víst, að hún myndi farin heim til sín austur í Flóa. En þegar lengra leið frá og það varð kunnugt, að hún hafði ekki komið heim til sín, kom sá kvittur upp, að Guðmundur á Gljúfri myndi hafa séð fyrir henni ...

Það var annaðhvort á síðari árum síra Jóns prests Matthíassonar í Arnarbæli eða á fyrri árum síra Guðmundar Einarssonar þar, að Gísli [Jónsson á Sogni í Ölfusi] fann leifar af mannsbeinum suður í Svíanhrauni, sem höfðu verið hulin grjóti og mosa. Gísli fór þegar er heim kom á fund prests og sagði honum til beinanna og vildi láta sækja þau og jarðsetja í Reykjakirkju. En prestur kvað slíkt engu gegna og hæddist að þessum fundi Gísla, sagði vera mundu hrossbein, sem slátrað hfði verið og eittrað síðan fyrir refi ... Talið var, að bein þau, er Gísli fann, mundu hafa verið bein Fjalla-Margrétar." Guðmundur banamaður Margrétar var fæddur 1765 en bjó á Gljúfri í Ölfusi 1805-1815 og hefur útleið Margrétar þá verið á því tímabili. Guðmundur dó 3.5.1848. Önnur sögn er til um viðureign Guðmundar við útilegukonu en það á að hafa verið í Ólafsskarði og með öðrum atburðum - Blanda VI, 187-89.

Heimildir: Íslenskir sagnaþættir III, 7-13

ÁR-721:051 heimild um leið

"Enn er ógetið þeirrar leiðar fornrar sem um Mosfellsheiði lá frá öndverðu en hefur að líkindum verið sú sem sjaldnast var farin nema í tengslum við alþingisferðir á þjóðveldisöld, en sú leið liggur norður eða suður heiðina milli Þingvallasvæðis frá Þrívörðum til Svínahrauns. Leiðin lá um lægðina milli Hæða, Sköflungs, Dyrfjalla og Henglafjalla að austanverðu og háheiðarinnar í vestri."

Heimild: E.J. Stardal: "Mosfellsheiði og nágrenni." ÁFÍ 1985, 137.

ÁR-721:052 Ólafsskarð heimild um leið

1703: "Á þessum fjallgarði, er fyrir norðan þessa byggð sveitarinnar liggur, eru þrír vegir vestur á Suðurnes, nefnilega Ólafsskarð, Lágaskarð og Sanddalavegur, hvorjir allir saman koma í einn veg á vestanverðu fjallinu, þá byggðarlönd taka til Suðurnesjajarða." SSÁ, 236.

1840: ... Ólafsskarð, vestur í Fóelluvötn ... Hellirsheiði og Lágaskarð eru vel rudd, en Ólafsskarð miður, því það er sjaldfarið." SSÁ, 205. "Um [Ólafsskarð] liggur Ólafsskarðsvegur, og áfram suður með Bláfjöllum, um Þúfnavelli norðan við Geitafell, niður hjá Grislingahlíð, að Litlalandi ... Ólafsskarðsvegur liggur gegn um Jósefsdal austanverðan og noðrur úr honum milli Vífilfells og Sauðadalahnjúka, og norður með Þórishamri." Farfuglinn (1975). "Ólafsskarðsleið, frá Litlalandi um Fagradal, Þúfnavelli, milli Fjallsins eina og Bláfjalla, um Ólafsskarð, Jósefsdal á þjóðveg neðan við Þórishamar. Í Ólafsskarði voru nokkrar áletranir eftir ferðamenn gerðar með hnífi í mjúkt bergið." Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976, (hdr);

"... leið frá Óseyrarnesi var um Hlíðarbæi (Breiðabólstað), Ólafsskarð og Jósefsdal.

Þar má enn sjá sporaðar klappir eftir hestafætur." SB III, 280

Heimildir: SSÁ, 236; Farfuglinn 19(1), (1975), 14; Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976, (hdr); SB III, 280

ÁR-721:053 *Sanddalavegur* heimild um leið

"Á þessum fjallgarði, er fyrir norðan þessa byggð sveitarinnar liggur, eru þrír vegir vestur á Suðurnes, nefnilega Ólafsskarð, Lágaskarð og Sanddalavegur, hvorjir allir saman koma í einn veg á vestanverðu fjallinu, þá byggðarlönd taka til Suðurnesjajarða." SSÁ, 236.

Sanddalir eru neðan og suðaustan við Lágaskarð og mætti ætla að um sömu leið væri að ræða (sbr. 015) en hér mun sennilega verið átt við "Frá Hjallahverfi um Kálfabergsstíg, Kálfadali, Hálsa, Vegarbrekkur, Lakadal, Stóradal, á Þjóðveg í Hveradölum."

Heimildir: SSÁ, 236; Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976, (hdr)

ÁR-721:054 *Gnúpastígur* heimild um leið

1703: "Fyrir austan Valhnúk er strax Gnúpahnúkur, með miklum hömrum, nær allt að Gnúpastíg, hvor eð liggur fyrir ofan Gnúpatún upp á fjallið, brattur yfirferðar, og samhengist við almenningsveginn á sunnanverðri Hellirsheiði, þar Hurðarásvötn heita."

Heimild: SSÁ, 237

ÁR-721:055 *Skálafell* þjóðsaga

1703: "Upp á [Hverahlíð] er hátt fell, mjög blásið, þó án hamra, er Skálafell nefnist, með vatnsstæði. Á þessu felli var skáli Ingólfs Arnarssonar, fyrsta landnámamanns, hvar af þetta fell hefur sitt nafn dregið, sem Landnáma á víkur."

1840: "... sunnanvert á [Hellisheiði] er Skálafell - dregur það nafn af skála Ingólfs, sem mælt er þar hafi staðið, þó ekki sjáist menjar hans. so hér verði greint .. ."

Heimildir: SSÁ, 239, 196

ÁR-721:056 varða leið 64°01.395 N 21°19.066 V

Vörðuð leið liggur frá norðurhlíðum Skarðsmýrarfjalla, þar sem lækjargil er í fjallinu og allstór hvammur við fjallsræturnar og dæld í fjallið að ofan, beina leið yfir hraunið að neyðarskýli LHS við þjóðveg 1, en þar endar leiðin enda eru þar "gatnamót" við vörðurnar á Hellisheiðarleið (007). Vegpóstur vísar á leiðina undir Skarðsmýrarfjöllum.

Vörðurnar eru alls 43, með 50-60 m millibili, breiðar og lágar, 1,5-2 m í þvermál en fæstar hærri en 1,5 m. Þær eru ekki vel hlaðnar þó mikið grjót sé í þeim og eru margar hrundar að hluta til. Vörður þessar voru hlaðnar á einum degi 1983 af skátum úr Reykjavík til að auka öryggi á heiðinni en eftir að þjóðvegurinn var færður norðar á heiðinni um 1970 fór fólk að ganga þvert yfir heiðina frá veginum í stað þess að fylgja fjallshlíðinni og lenti þá stundum í hrakningum í misjöfnum veðrum.

Hættumat: engin hætta

Heimildamaður: Eggert Lárusson.

ÁR-721:057 hleðsla útilegumannabústaður 64°05.102 N 21°21.923 V

Lýður Björnsson segir frá hleðslu fyrir hellismunna í Engidal: "Móbergsklettaranir gengur af Marardal meðfram Engidalsá. Hann er mjög veðraður og hæðóttur. Við gengum í fyrstu niður með ánni, en réðumst síðan til uppgöngu á klettaranunum

neðarlega eða í neðstu lægðinni á honum. Ásgeir [S. Björnsson] ... benti mér fljótlega eftir að upp var komið á hellisgjögur ... Stuttur spölur var að hellisgjögrinu ... Þarna voru ótvíræðar mannvirkjaleifar. Veggur hafði verið hlaðinn fyrir munann, og var talsverður hluti hans enn uppistandandi. Dyr voru á veggnum. Efsti hluti veggjarins var þó hruninn. Nokkur gróður hafði fest rætur milli steina í hleðslunni. ..." Hellir þessi er um 400 m norðan við sæluhús Hitaveitu Reykjavíkur sem er í Engidal, austan undir móbergsrananum þar sem hann gengur lengst til suðurs. Hellirinn er sunnan í hæsta og þriðja síðasta hnúknunum í rananum sem gengur vestur með Engidalsá til suðurs frá Marardal. Skútinn snýr í suður og blasir við frá skálanum.

Efst í móbergshnúk, að mestu gróðurlaust nema mosatorfur hafa festst hér og þar í sprungum framan við skútann og nokkrar litlar grastorfur hafa myndast neðst á milli steinanna sem eru fyrir skútanum.

"Útivist efndi til hópferðar í Engidal hinn 26. október [1986] ... Hellirinn reyndist vera 5 m breiður og 1,20 m á dýpt. Hæðin var um tveir metrar og nokkuð jöfn. Leiðangursmenn fundu annan helli um 20 faðma frá þessum og litlu neðar. Hann var 3 m langur, 2 m breiður og 1,25 m hár. Hlaðið hafði verið fyrir mynni þessa hellis einnig. Hann var mjög þrifalegur og virðist ákjósanlegt svefnstæði ... Engin greinileg ummerki sjást þar raunar [þ.e. í stærri hellinum] um eldamennsku, en þó kunna tveir steinar í gólfi til vinstri við inngang að vera frumstæðar hlóðir." Hellisskútinn sjálfur er 5 m breiður og um 2,5 m hár. Hann slútir varla meir en 1-1,5 m fram að ofan. Til hliðanna við hellisopið (þ.e. austan og vestan við) ganga móbergsranar fram og eru aðiens um 2 m á milli þeirra um 4 m sunnan við hleðsluna. Neðan við þessar ytri "dyr" er allbratt upp að hellinum, sléttar móbergshellur, en þó vel fært. Innan við þær er minni halli og laust grjót í botninum og gæti sumt af því verið úr hleðslum fyrir skútanum. Fyrir honum eru þrjú stór björg sem tæplega hafa verið færð til af mönnum, en ofan á tveimur þeim vestar er hleðsla með minni steinum. Smáhleðsluleifar eru einnig á austasta bjarginu. fast upp við hellisvegginn. Innan við björgin og hleðslurnar er um 1 m breið skora og er botninn þar allsléttur. Í þessum helli hefur verið ágætt skjól fyrir öllum áttum öðrum en sunnanátt en ólíklegt er að hlaðið hafi verið alveg fyrir hann eða að menn hafi hafst þar við að staðaldri. Útsýni er mjög gott úr þessum helli yfir Engidal og Norðurvelli og gæti verið að það hafi einhverju ráðið um að þarna hafi menn komið sér upp skjóli. Hinn hellirinn sem Lýður minnst á og á að vera tæpum 40 m frá þessum og aðeins neðar fannst ekki við vettvangsathugun 1998 en allmikill snjór var yfir og má vera að fennt hafi fyrir opið.

Lýður Björnsson telur mögulegt að hleðslur þessar hafi verið skjól fyrir hreindýraveiðimenn (sjá t.d. Náttúrufræðinginn 1932, bls. 96 um dráp 11 hreindýra í Marardal um 1835) eða skýli nautreka en trúlegast finnst honum þó að þessir hellar hafi verið skjól Eyvindar Jónssonar og Margrétar Símonardóttur í seinni útlegð þeirra vorið 1678 en við það ár er þeirra getið í annálum: "Eyvindur nokkur, giptur, hljóp úr Ölfusi með annars manns konu vestur, og töldu sig fyrir ektahjón: náðust, voru húðstrýkt og aðskilin. Þau tóku sig aptur saman, lögðust út í Henglafjöllum, náðust og voru réttuð á þessu alþingi." Fitjaannáll ÍA II, 247. sbr. Hestsannál ÍA II, 512. 1678: "Höggvinn maður á alþingi, hét Eyvindur Jónsson, er hlaupið hafði úr Ölvesi frá konu sinni meða aðra konu vestur undir Jökul og héldu sig þar fyrir hjón, fóru síðan þaðan og fundust við hellir á Mosfellsheiði fyrir ofan Mosfellssveit og lifðu við kvikfjárstuld. Konan hét Margrét Símons dóttir; henni drekkt í Öxará. Þau höfðu verið strýkt veturinn fyrir og látin þá laus, en tóku sig saman, þá voraði og lögðust á nýju á fjöll." Setbergsannáll, ÍA IV, 119-1220. Dauðadómurinn er prentaður í Alþingisbókum Íslands VII, 403 og segir þar að þau skötu hjú hafi verið höndluð "í

einum hellir suður undan Erfiseyjarseli í Kjalarnesþingi og teknar þann 20. Octobris [1677] með fóla af nautakjöti og öðrum hlutum [voru síðan dæmd fyrir 3 hördómsbrot og burthlaup úr héraðinu á Bakkárholtspingi og úttóku líkamlega refsingu á Kópavogi 3.12.1677 fyrir útileguna og þar af hnígandi þjófnaðar aðburði, þar efti voru þau afleyst af biskupinum og Eyvindur tekinn aftur af konu sinni] Nú er síðan svo til fallið upp á ný, að þessar vandræðapersónur tóku sig aftur til útilegusamvista og fundust báðar í einni rekkju og einu hreysi undir bjargskúta nokkrum í Ölvesvatns landeign af Þorsteini Jónssyni og öðrum átta mönnum. Voru svo teknar og síðan í fangelsi forvaraðar [og voru þau svo ströffuð af lífinu eftir Stóradómi 3. júlí 1678]" AÍ VII, 403-405. Ólafur Briem lýsir helli sunnan undir Þríhjúkum suður af Örfiriseyjaseli, en þar voru hleðslur, sem hann taldi geta hafa verið fyrri dvalarstað Eyvindar og Margrétar í útleið sinni - ÚAT, 142-146.

Heimildir: Lýður Björnsson: "Á slóðum Fjalla-Eyvindar eldri og Margrétar Símonardóttur." Útivist 12 (1986), 12-13; ÍA II, 247, 512, IV, 119-120; AÍ VII, 349, 403-405: ÚAT, 142-146.

ÁR-721:058 hleðsla útilegumannabústaður

"Sunnan í Henglinum eru einu öruggu menjar útilegumanna, sm mér er kunnugt um á Reykjanesfjallgarði . . . Norðan við sléttuna í dalsbotninum [í Innstadal] er einn af mestu gufuhverum landsins. og örskammt norðvestur af honum er hár móbergklettur móti vestri. Ofarlega í klettinum er hellir og dálítil grastó fyrir frama hann, og sést hellismunninn strax og komið er yfir Sleggjuháls. Móbergið fyrir neðan hllinn er mjög bratt - og illkleift á tveggja til þriggja mannhæða kafla. Í hellinn er því ekki fært öðrum en góðum klettamönnum. Lýður Björnsson sagnfræðingur kom þangað haustið 1978, og fer frásögn hans hér á eftir.

Hellirinn er tveggja til þriggja metra langur inn í botn og manngengur að framanverðu. En breiddin er rúmlega tveir metrar. Greinileg hleðsla er fyrir munnann beggja vegna dyra. Hvergi nær hún hnéhæð. En innan við hana eru mjög þykkar hellur á gólfinu, og Lýður giskar á, að þær séu ef til vill úr hleðslunni. Undir hellunum er töluvert af beinum, mest stórgripabein . . . Í öðrum dyraveggnum er hella, sem rís upp á rönd. Á henni er rista, sem helst líkist galdrastaf. Hún er lítið máð. Innan við munnann við hellisvegg er ferstrend grjóthola. Í henni stóð vatn, þegar Lýður kom þangað. Ekki sá hann merki þess, að hún hafi verið löguð af manna höndum. En líklegt þótti honum, að hún hafi verið notuð fyrir vatnsgeymi. Engar leifar sáust af eldstæði eða ösku. Enda var auðveldast að sjóða mat sinn í hvernum, áður en þeir drógu hann upp til sín" – ÚAT.

"Hellir er að vísu í Innstadal í Hengli. Sá er allhátt í klettem rétt hjá gufuhver einum miklum. Hellismunninn blasir við, ef gengið er yfir Sleggjubeinsskarð frá skálanum innan við Kolviðarhól og í dalinn. Hlaðið hefur verið fyrir hellismunann. Hleðslan er næu hrunin og hefur fallið bæði út og inn. talsvert er af beinum undir hellum í hellinum. Ætla má að hellurnar hafi áður verið í hleðslunni fyrir hellismunann. Hér virðist því vera um útilegumannahelli að ræða, enda eru klettarnir neðan hellismunann veruleg torfæra. Óvönnum klettamönnum skal ráðið frá því að fresita uppgöngu nema þeir séu vel búnir og í fylgd með sæmilegum klifurmönnum. vaður væri þá æskilegur." – Lýður Björnsson: "Á slóðum Fjalla-Eyvindar eldri ..."

"Þegar ég var unglingur heyrði ég sagt frá því, að útilegumenn hefðu verið í Henglinum; þeir hefðu haldið til í stórum helli og engin leið hefði verið að komast að þeim. sagt var, að þeir hefðu komið sunnan úr Höfnum og væru þeir skipshöfn, sem hefði gert einhver níðingsverk, en aldrei heyrði ég hver þau hefðu átt að vera.

Tóku þeir sér nú stöðu í þessum helli og höfðust þar við, sumir sögðu í tvö ár, en aðrir aðeins eitt sumar, en hvort sannara er verður ekki vitað. Og ekki vissu menn heldur, hve margir þeir voru - jafnvel 6 eða 7. og tvær hlutakonur voru með þeim, að því er sagt var, og eru ef til vill líkur fyrir því.

Þeir höfðu með sér langan kaðal eða stjórafæri og drógu konurnar upp í hellirinn og föng sín jafnóðum og þeir öfluðu þeirra, en það var mest sauðfje Ölfusinga og Grafningsmanna.

Nú þótti sveitarmönnum hart á barið að verða að þola slíka óhæfu, en fengu ekki að gert um sinn. Er frá leið þá gerðu þeir ráð sitt og tóku saman eitt haust litlu fyrir fjallreið og lögðust í leyni margir saman úr báðum sveitum, Ölfusi og Grafningi - sem að vísu var þá sama þingsóknin - og bíða þess að hellisbúar færu úr hellinum í smalatúr og ætluðu þeim svo stundirnar og var þess skammt að bíða. Fóru nú allir úr hllinum, en sveitamenn skipuðu sjer sem fljótast fyrir hellisbergið að neðan og komu hellismenn innan skamms með fjárhóp. En nú var ekki greitt aðgöngu og enginn vegur að ná hellinum. Sveitamenn veittu strax svo harða aðsókn, að hinir hjeldust ekki við, enda var liðsmunur ákaflegur, því sveitamenn höfðu verið milli 50 og 60. Fjárrekstur útilegumanna tvístraðist brátt, enda gáfu menn þá engan gaum að fjenu.

Hellismenn tóku nú að flýja, hver sem best mátti, en sveitamenn eltu þá af hinum mesta ákafa og mest þeir, sem fótfráastir voru. Allir komust hellismenn nokkuð langt undan og vestan í Henglinum urðu mestar eltingar. Þar eru melar og skriður, segja kunnugir menn; eru þar kölluð "Þjófahlaupin" enn í dag sem örnefni síðan. Allir voru hellismenn drepnir, ýmist vestan í Henglinum eða niður á Mosfellsheiði, því undan hlupu þeir slíku ofurefli meðan þeir gátu uppi staðið sökum mæði.

Nú voru hellismenn allir unnir, en fylgiskonur þeirra voru enn í hellinum. Þær höfðu veitt hart viðnám, og svo er haft eftir þeim mönnum, sem í atförlinu voru, að svo ilt sem hefði verið að sigra hellisbúa, þá hefði þó hálfu verra verið að vinna fylgikonur þeirra. En samt að lokum urður þær teknar og fluttar burtu, og er ekki getið að þær sýndu neinn mótþróa eftir að þær komu undir annara manna hendur. / [Jón "yddú" Jónsson úr Ossabæ, fæddur 1777 var vinnumaður í Reykjakoti um 1800] Þá var eitt sinn í fjallgöngum, að Jón kleif upp í þennan umtalaða hellir útilegumannanna. Ekki getur þess, að Jón fyndi þar neitt merkilegt. En öskuleifar litlar voru í einum stað utan við hellisopið, enda hefir alt verið tekið burt þaðan, hafi nokkuð verið að taka, þegar útilegumenn voru unnir. ...

Það er og haft eftir Jóni "yddú", að þegar útilegumennirnir komu með fjárhópin, að þá hafi sveitamenn skipað sjer alt í kring og slegið hring um þá, en þó sluppu þeir allir til að byrja með, og byrjuðu þá strax eltingar. Það hafði og verið mestur tálmi hjá hellismönnum, að þeir voru illa skóaðir, en sveitamenn betur búnir til handa og fóta, og mest höfðu hellismenn fallið fyrir grjótkasti og bareflum, er hinir höfðu, en eiginleg vopn voru fá eða engin.

Sögu þessa hafði Jón "yddú" eftir Jóni harða föður sínum og Sigurði Þorkelssyni afa sínum en Jón "yddú" sagði aftur Hávarði gamla Andrjessyni, en þeir voru samtíða á Völlum meir en 20 ár ...

[sögn Ólafs Sigurðssonar í Húsagarði á Landi frá um 1895 að] í Dalseli undir Eyjafjöllum hefði verið kerling ein, sem Vilborg hjet. Hún hefði dáið um 1800 og verið þá talin 100 ára, hefir eftir því verið fædd um 1700, líklega þó nokkuð seinna. Hún hefði verið fædd í hellinum í Henglinum (Skeggjanum) og verið dóttir einhvers af útilegumönnum þeim, sem getið hefur verið." Þórður Sigurðsson, "Útilegumenn í Henglinum og endalok þeirra

Heimildir: ÚAT, 146-50; LB: "Á slóðum Fjalla-Eyvindar eldri og Margrétar Símonardóttur." Útivist 12(1986), 11; Þórður Sigurðsson, Tannastöðum: "Útilegumenn í Henglinum og endalok þeirra." Lesbók Mbl. 1939, bls. 30-31.

ÁR-721:059 *Skógarmannavegur* heimild um leið

"Skógarmannavegur, frá þeim tíma, er Hjallamenn sóttu skógarnytjar í Nesjaskóg í Grafningi. Einnig nefnd Suðurferðagata, - frá Þóroddsstöðum um Sandhrygg, milli Háaleita, við Hlíðarhorn, - á þjóðveginn á Hellisheiði vestan við Loftið (40 km steininn)." Leiðin hefur svo legið áfram um Smjörþýfi og síðan sameinast leiðinni Milli hrauns og hlíðar í Fremstadal undir Svínahlíð. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1909.

Heimildir: Þórður Ö. Jóhannesson: Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi, 12.4.1976 (hdr); Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976, (hdr)

ÁR-721:060 *Prengsli* heimild um leið

"Prengslaleið, frá Breiðabólstað austan Krossfjalla, inn með Meitlum á þjóðveg neðan við Neðri Hveradalabrekkur." "Prengslavegurinn gamli lá út af þjóðveginum neðan við Neðri-Hveradalabrekku, og áfram suður með Gráuhnúkum að vestan ... Prengslavegurinn gamli lá suður með Meitlum, vestan við Eldborgarhraun, vestan Krossfjalla, niður um Löngudali, niður hjá Grislingahlíð að Litlalandi. Ef til vill hefur einnig verið farið um Pumpuskarð í Krossfjöllum, niður í Torfdal og niður að Vindheimum."

Heimildir: Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976, (hdr); Farfuglinn 19(1), (1975), 12-13

ÁR-721:061 *vegur*

Nýr vegur var lagður um Hellisheiði 1894-95: "Við nýlagningu vegarins austur lét Sigurður [Thoroddsen landsverkfræðingur] færa veginn frá hinu bratta og óvagnfæra Hellisskarði, og sveigði veginn suður fyrir Reykjafell um Hveradali. Hellisheiðarvegurinn, sem lagður var á þessum árum var, að undirstöðu til, að mestu leyti, utan nokkurra styttri kafla, svo sem í Smiðjulaut, sá hinn sami og var þjóðvegur allt fram til hausts 1972, er hraðbraut með bundnu slitlagi var tekin í notkun litlu norðar. / Sigurður mældi fyrir veginum upp kamba og varð nú að miða við dráttargetu hesta, enda voru 18 "hárnálarbeygjur" á þeirri löngu brekku og breyting mikil frá vegi Eiríks frá Grjótá. ... Kambavegur var lagður 1894 og sama ár var byrjað á Hellisheiðarveginum og lokið við hann árið eftir."

Heimildir: Magnús Grímsson: Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi, Landnám Ingólfs 2(1985), 93.

ÁR-721:062 *Hafnarsel* sel

"Hjá Votabergi er Hafnarsel." "Vestur frá Votabergi, en austan vegarins er lágur móbergsstapi úti í hrauninu. Austan við hann er gömul rúst. Þar stóð Þorlákshafnarsel eða Hafnarsel. Þar hafði Þorlákshafnarbóndi í seli gegn skipsuppsátri Breiðabólstaðarbóndans í Þorlákshöfn."

Heimildir: Ö-Afr. Ölf, 10; Farfuglinn 19(1), (1975), 12

ÁR-721:063 *Vörðuhóll* örnefni

Vörðuhóll heitir í Vestur-Hálsum, austan við Hrossabotna sem er dalverpi sunnaní Stóra-Sandfelli. Sunnan við Vörðuhól eru Vegarbrekkur og er þetta á Sanddalaleið.

Heimild: Kort Ingólfs Einarssonar 1969.

ÁR-721:064 *Tæpistígur* heimild um leið

"Upp úr grasgeira ofan við Votaberg er sniðgata í snarbrattri hlíðinni, upp á brúnina, og heitir Tæpistígur."

Heimild: EE, Farfuglinn 19(1), (1975), 12

5. Niðurstöður: *Kynning og varðveisla menningarminja*

Þau mannvirki sem reist hafa verið á skráningarsvæðinu hafa að mestu leyti sloppið við skemmdir af völdum framkvæmda á þessari öld. Það eru einkum mannvirki á Kolviðarhóli sjálfum, þ.e. leifar eldri sæluhúsa, sem hafa skemmst af völdum yngri bygginga þar og elstu vegamannvirki frá lokum 19. aldar sem hafa skemmst af seinni vegagerð. Þá hafa línulagnir einnig skemmt hellur með rásum í á Helligheiðarvegi og munu það einkum framkvæmdir af því tagi sem ógna mannvistarleifum á svæðinu í framtíðinni. Töluverðar framkvæmdir hafa verið á svæðinu í sambandi við uppbyggingu útivistar, skálabyggingar með tilheyrandi vegalögnum, en slíkar byggingar eru í öllum tilfellum fjarri minjastöðum.

Ástand fornleifa á afrétti Ölfushrepps verður því að teljast nokkuð gott og er ekki fyrirsjáanlegt að grípa þurfi til sérstakra ráðstafanna til verndunar minjastaða þar. Hinsvegar er ávalt nauðsynlegt að taka tillit til fornminja við skipulagningu framkvæmda en mestur árangur næst með því að gera minjastaði sýnilega og koma á framfæri upplýsingum um þá.

Hellukofinn, rásirnar á Helligheiðinni og vörðurnar á hinni fornu leið eru friðlýstar minjar, sem eru ómerktar og þarf að bæta úr því. Sæluhústöftina við Draugatjörn mætti einnig friðlýsa.

Á afrétti Ölfushrepps eru góðar aðstæður til að kynna fornleifar, því að þar fer saman að mikið er að athyglisverðum stöðum og útivist er stunduð þar í miklum mæli. Lagt er til að sett verði upp upplýsingaskilti á nokkrum helstu stöðunum þar sem bæði verður gerð grein fyrir þeim minjum sem sjást á yfirborði og þær settar í samhengi við sögu svæðisins.

1. Í Marardal. Lítið skilti með upplýsingum um hleðslur í dalnum og sumarheit nautgripa á Mosfellsheiði.

- 2. Við Draugatjörn.** Stórt skilti um sæluhúsið, draugang þar og hrakfarir á vetrarferðum á Mosfellsheiði.
- 3. Á Kolviðarhóli.** Stórt skilti um greiðasölu og búskap á Kolviðarhóli 1883-1954.
- 4. Búasteinn.** Lítið skilti með upplýsingum um vörn Búa skv. Kjalnesingasögu.
- 5. Hellir í Innstadal.** Lítið skilti með upplýsingum um hellinn og útilegumenn á Hengilssvæðinu.
- 6. Hellukofi.** Lítið skilti um byggingu Hellukofans og vörðurnar sem þar voru áður.
- 7. Þrívörður eystri.** Stórt skilti um Heillisheiðarleið hina fornu, rásirnar og sögur um ferðir yfir heiðina.
- 8. Brúnkollublettir/Ölkelduháls.** Stórt skilti um leiðir yfir Henglafjöll að fornu og nýju.
- 9. Kambabrún eða Smiðjulaut.** Stórt skilti um vegagerð yfir Hellisheiði í lok 19. aldar.

Heimildaskrá

- AÍ:** *Alþingisbækur Íslands I-XVII*, Reykjavík 1912-1990.
Áningarstaðir á lestamannaleiðum
Blanda. Fróðleikur gamall og nýr I-IX, Reykjavík 1918-1953.
- Bsk:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi I-II*, Kaupmannahöfn 1858-1878.
- E.J. Stardal: 'Mosfellsheiði og nágrenni.' *Árbók Ferðafélags Íslands* 1985,
Eiríkur Einarsson: [örnefni á afrétti Hjallasóknar] *Farfuglinn* (19)1, (1975), 10-16.
Eiríkur Einarsson: *Örnefni og minjar í Hjallasókn*, 1976 (hdr).
Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Reykjavík 1990.
- GR:** *Göngur og réttir I-IV*, Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar, 2. útg., Akureyri 1983-87.
- Gráskinna hin meiri I-II*, Sigurður Nordal & Þórbergur Þórðarson útg, Reykjavík 1979.
- Guðni Jónsson: *Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur I-XII*, Reykjavík 1940-57.
Ingólfur, Reykjavík 1853-1855.
- ÍA:** *Annálar 1400-1800. Annales islandici posteriorum sæculorum I-VII*, Reykjavík 1924-1998.
- Ísafold*, Reykjavík 1874-1929.
- Jón Pálsson: *Austantórur I-II*, Reykjavík 1945-1952.
- KK:** Kristian Kålund: *Íslenskir sögustaðir I-IV*, Haraldur Matthíasson þýddi, Reykjavík 1984-1986.

- Kort Ingólfs Einarssonar 1969: *Afréttur Hjallasóknar. Skálafell, Helligheiði, Reykjavell, Svínahraun, Sauðadalir, Lambafell, Meitlar*. Eiríkur Einarsson safnaði örnefnum en Ingólfur Einarsson gerði kortið, Örnefnastofnun.
- Lýður Björnsson: 'Á slóðum Fjalla-Eyvindar eldri og Margrétar Símonardóttur' *Útivist* 12 (1986), 7-14
- Magnús Grímsson: 'Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi', *Landnám Ingólfs* 2 (1985), 88-104.
- Ný tíðindi*, Reykjavík 1851-1852.
- Reykjavíkurborgurinn. Mánaðarrit*, Reykjavík 1846-1849.
- Reykjanesfjallgarður, 5**
- SB:** *Sunnlenskar byggðir III*, Selfossi 1983.
- SK:** Skúli Helgason: *Saga Kolviðarhóls*, Selfossi 1959.
- SP Ferðabók:** *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*, Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson þýddu, Reykjavík 1945.
- SSÁ:** *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfván Jónsson*, Rv. 1979.
- Steinþór Sigurðsson & Skúli Skúlason: 'IV. Austur yfir fjall' *Árbók Ferðafélags Íslands* 1936, 90-
- Stjórnartíðindi*, Reykjavík 1874-
- Sunnanpósturinn. Mánaðarrit*, Viðey 1835-1838.
- Sæluhúsin á Suðurleið, 143;
- ÚAT:** Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóftir*, 2. útg, Reykjavík 1983.
- Þjóðólfur*, Reykjavík 1848-1920.
- Þorvaldur Thoroddsen, *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898*, Kaupmannahöfn 1913-1915.
- Þórður Ö. Jóhannsson: *Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi*, 12.4.1976, (hdr)
- Þórður Jóhannsson: 'Þjóðleiðir um Ölfus og Helligheiði.' *Útivist* 6 (1980), 75-90.
- Þórður Sigurðsson: 'Útilegumenn í Henglinum og endalok þeirra' *Lesbók Morgunblaðsins* 1939, bls. 30-31.
- Ö-Afr.Ölf.:** *Afréttur Ölfushrepps*, eftir Þorstein Bjarnason frá Háholti (Lbs 2857 4to), Örnefnastofnun.
- Ö-Hengill:** *Hengillinn og fjallgarðurinn kringum hann, skráð hefur Þorsteinn Bjarnason frá Háholti*, Örnefnastofnun.
- Ö-Helligheiði:** *Helligheiði*, Eiríkur Einarsson skráði 26.8.1968, Örnefnastofnun.
- Ö-Kolviðarhóll:**
- Ö-Reykjakot:** Þórður Ö. Jóhannsson: *Reykjakot í Ölfusi*, skr. 1967, Örnefnastofnun.
- Ö-Reykjatorfa:** *Reykjatorfan*, Örnefnastofnun.
- Ö-Ölfusvatn:** *Örnefnaskrá Ölfusvatns*, Guðmann Ólafsson skráði 1982, Örnefnastofnun.